




Leikskólinn Langholt

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Leiðarljós leikskólans | 3 |
| 1 Greinargerð leikskólastjóra | 3 |
| 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024..... | 5 |
| 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025..... | 6 |
| 4 Innra mat deilda | 8 |
| 4.1 Rauðaland..... | 8 |
| 4.2 Gulaland | 13 |
| 4.3 Bláaland..... | 17 |
| 4.4 Undraland..... | 22 |
| 4.5 Smálönd..... | 26 |
| 4.6 Álfaland..... | 31 |
| 4.7 Furðuland | 36 |
| 4.8 Dvergaland | 41 |
| 5 Innra mat sérkennslu..... | 47 |
| 5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn | 49 |
| 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla..... | 51 |
| 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva..... | 52 |
| 8 Foreldrasamvinna..... | 52 |
| 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal | 52 |
| 10 Fylgiskjöl | 52 |



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Í leikskólanum Langholti starfar metnaðarfullur, úrræðagóður og faglegur starfsmannahópur og það má með sanni segja að það hafi reynt á útsjónarsemi, þolinmæði og samkennd á síðustu misserum. Sama

Í byrjun júlís misstum við leikskólakennara sem hefur starfað í Langholti í meira en 20. ár.

Hún varð bráðkvödd á heimili sínu 3. júlí. Fráfall hennar var mikið áfall, hún skipaði stóran sess í starfsmannahópnum svo lífsglöð og fagleg fram í fingurgóma. Hún var mikil fyrirmynd fyrir okkur öll. Stórt skarð var hoggð í starfsmannahópinn okkur en við minnumst Lilju sem lífsglaðri konu sem aldrei hætti að leika sér. Minning hennar lifir í hjörtum okkar allra.

Við eigum foreldrafélagi leikskólans og fagstjóra norðurmiðstöðvar miklar þakkir fyrir stuðning og ráðgjöf á þessum erfiðu tímum.

Á nýju skólaári tókum við á móti um 40 nýjum börnum. Þau röðuðust á nokkra deildar. Framkvæmdir í Smálöndum höfðu áhrif á inntöku nýrra barna. Við þurftum að seinka aðlögun 10 barna sem áttu að fara þangað. Við vorum í biðstöðu með þau fram yfir áramót en tókum loks á móti þeim í byrjun janúar. Húsið var alveg tekið í gegn og nú höfum við þar frábæra aðstöðu fyrir 20 börn og starfsmenn með góðri hljóðvist, góð vinnuskilyrði og gott námsumhverfi fyrir börn.

Opnun á Smálöndum hafði keðjuverkandi áhrif á leikskólann því að þá þurfti að flytja börn á milli deilda (húsa) og raða starfsfólki á nýja deild. Einn deildarstjóri hætti um áramót og nýr tók við. Þessar tilfæringar höfðu áhrif á allan leikskólann svölítið öðruvísi að hafa aðlögun á miðju skólaári.

Framkvæmdir vegna myglu í starfsmannarými og einu rými inn á deild settu einnig töluverðan svip á skólaárið. Sérkennslurýmum, skrifstofum, starfsmannagangi og kaffistofu var lokað tímabundið og sett voru upp göng svo að hægt væri að fara á milli með matarvagna.

Engar lokanir hafa verið gerðar á meðan á þessum framkvæmdum hefur staðið og leikskólastarf hefur verið óskert.

Í lok maí var svo eldhúsinu í sunnuborgahúsinu lokað og við fáum matinn sendan heitan til okkar á meðan á þessum framkvæmdum stendur.

Stefnt er að því að opna eldhúsið aftur í september 2024.

Þrátt fyrir allar þessar framkvæmdir hefur starfsfólk staðið sig frábærlega í því að láta daginn ganga og halda uppi faglegu starfi. Starfsfólk leikskólans á mikið hrós skilið.

Starfsmannahópurinn fór saman í námsferð til Berlín í apríl.

Við fórum á vegum *Leikur að læra* og sóttum fyrirlestra og fórum í skólaheimsóknir. Ferðin var mjög vel heppnuð og þjappaði hópnum vel saman. Allir komu heim reynslunni ríkari með nýjar hugmyndir í farteskinu og sólbrenndir á nefinu eftir sólríka daga í Berlín.

Þeir starfsmenn sem ekki komust með fóru í heimsóknir í leikskóla í Reykjavík.



Starfið í leikskólanum hefur verið nokkuð hefðbundið í vetur þrátt fyrir allt. Áfram erum við með áherslu á læsi, útinám og börn með fjölbreyttan menningar og tungumálabakgrunn. Vinna með Lubba, lestrar hópa, tákni með tali og ferðir í Laugardalinn svo fátt eitt sé nefnt. Börnin í elsta ári tóku þátt í Barnamenningarhátíð og sungu í Hörpu.

Einhverjar breytingar hafa orðið í starfsmannahópnum nýir deildarstjórar hafa verið ráðnir og nýr sérkennslustjóri nú á vormánuðum. Við erum með flottan faghóp þar sem er góð blanda af reynsluboltum og nýjum deildarstjórum sem eru að stíga sín fyrstu skref. Mikil gróska er í starfsmannahópnum og sjö starfsmenn stefna á nám í leikskólakennarafræðum á næsta skólaári.

Næsta vetur munum við halda áfram með svipaðar áherslur en þó leggja meiri áherslu á frjálstan leik og hvernig við náum að skapa aðstæður svo börn geti lært sem mest í gegnum leikinn. Höfum þar til hliðsjónar handbók um leikinn sem gefinn var út af Menntamálastofnun.

Námskrágerð verður stærsta verkefni vetrarins og við hlökkum til að hella okkur í þá vinnu með starfsmannahópnum, foreldrum og börnum.

Ég hlakka til næsta skólaárs sem verður uppfyllt af nýjum ævintýrum og áskorunum.

Ég vonast til þess að geta varið meiri tíma í faglegar umræður, halda áfram að koma til móts við margskonar þarfir barna og vinna að metnaðarfullu skólastarfi í Langholti.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Veturinn einkenndist af framkvæmdum á húsnæði og því var töluverð röskun á sýnileika leik- og aðstoðarleikskólastjóra, unnið var í því um leið og helstu framkvæmdum lauk. Enn er verið að vinna að húsinu. Samkvæmt starfsmannakönnun úr því unnið verður með þá þætti reglubundið. Helstu þættirnir sem lúta að stjórnun og starfsanda verður unnið með, en starfsfólk og stjórnenda teymi skólans hafa þurft að vinna með sveigjanleika alla vinnudaga og þar kemur í ljós hversu sterkur þessi hópur er með lausnarmiðaða hugsun. Heildareinkunn skólans var 3,83.

Samkvæmt starfsmannakönnun voru nokkrir þættir sem betur mættu fara. Þeir snúa að sýnileika stjórnanda, upplýsingaflæði og vinnuaðstæðum.

Við munum leggja áherslu á að vinna að þessum þáttum með betra upplýsingaflæði t.d á Work place.

Vinnuaðstæður hafa batnað til muna eftir framkvæmdir til dæmis er kaffistofan orðin mun betri og að framkvæmdum loknum fáum við betra eldhús og betri rými t.d fyri sérkennslu og fundi.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig og hvenær metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|--|---|--|----------|----------|---|---|
| Stjórnun | | | | | | | |
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir | | | Hvaða aðferðir á að nota? (kónnun, rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| Upplýsingaflæði | Að auka upplýsingaflæði til allra starfsmanna | Reglulegir tölvupóstar til starfsmanna Koma öllum á work place. Halda áfram með þessa vinnu, aðeins komin af stað en má bæta enn frekar. | Leikskólastjóri – aðstoðarleikskólastjóri - deildarstjórar | Sep 2024 | maí 2025 | Unnið jafnt og þétt að þessu yfir allt árið | Allir starfsmenn glaðari þegar þeir eru vel upplýstir. |
| Faglegt starf | Leikskólinn nýtti sér faglegar ráðgjafir og námskeið frá skrifstofum SFS. Halda áfram að nýta Torgið. | Deildarstjórar fengu flestir aðgang að faglegu námskeiði í gegnum skrifstofu SFS, einnig fékk aðstoðarleikskólastjóri forystunámskeið og fleiri ráðgjafir og fræðslur voru nýttar frá SFS | Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri | Sep 2024 | Maí 2025 | Umræður á fagfundum og innleiðsla í starfi | Þekkingar aukning sem og öryggi í starfi |
| Uppeldis- og menntastarf | | | | | | | |



| | | | | | | | |
|--------------------------------------|--|--|---|----------|----------|---|--|
| Dýpkun á áherslum leikskólans | Rýnt var í starfið og séð hvar mætti samhæfa kennsluaðferðir ásamt teymisvinnu betur | Auka markvissa fundi og úrvinnsluteymi í þeim þáttum sem féllu undir kröfur teymisins | Leikskólastjóri – aðstoðarleikskólas tjóri - deildarstjórar | Sep 2024 | Maí 2025 | Unnið jafnt og þétt að þessu yfir allt árið | Faglegir fundir fóru í úrvinnslu á þessum þáttum |
| Námsskrágerð | Haustið 2024 mun námskrágerð hefjast þar sem rýnt verður í námskröfur og námsframvindu út frá áherslum leikskólans | Markmið og fyrirkomulag leikskólans verður útfært í námskránni á skipulagsdögum, fagfundum ásamt því að vinna með börnunum og foreldrum leikskólans. | Allt starfsfólk leikskólans, börnin og foreldrar/forráðar menn þeirra | Sep 2024 | Jan20 25 | Haustið mun fara mikið í þessa vinnu | Fagfundir, skipulagsdagar, starfsmannafundir, forleðrafundir fara í vinnuna á námskránni |
| Mannauður/ Leikskólabragur | | | | | | | |
| Skólabragur | Auka verðleika starfsfólks og styðja við þeirra vinnu í framkvæmdum | Aðstoða starfsfólk við heilsutengd úrræði, upplýsa hvað Rvk borg hefur uppá að bjóða | ALLIR | Sep 2024 | Maí 2025 | Unnið jafnt og þétt að þessu yfir allt árið | Umræður og rýnt í mætingu |
| Mannauður | Auka þekkingu starfsfólks | Bjóða upp á aðgengi á þau námskeiði sem eru í boði og sjá til þess að upplýsingar um hvar er að finna námskeiði séu aðgengileg | ALLIR | Sep 2024 | Maí 2025 | Unnið jafnt og þétt að þessu yfir allt árið | Umræður og rýnt í mætingu |



4 Innra mat deilda

4.1 Rauðaland

Á Rauðalandi í vetur voru 13 börn. Við byrjuðum með 6 börn fædd 2021 og 7 börn fædd 2022 en eftir áramót færðust nokkur börn á milli deilda og ný tekin inn í staðinn og við enduðum með 4 börn fædd 2021, 7 fædd 2022 og 2 fædd 2023.

Læsi/málörvun

Málörvun er hluti af öllu daglegu starfi hjá okkur og við nýtum öll tækifæri t.d. í leik, við matarborðið, á skiptitímum og í fataklefanum. Við erum mjög meðvituð um að setja orð á allar athafnir og endurtaka rétt það sem börnin eru að segja. Þannig erum við góðar málfrimyndir og börnin fá stöðuga málörvun yfir daginn.

Við skiptum börnunum í tvo til þrjá hópa í samverustundum og erum með tvær samverustundir á dag þar sem við erum að syngja, spjalla saman og lesa bækur. Allar samverustundir byrja á því að fara yfir Lubbamáhljóðið og syngja lagið sem tilheyrir því. Við erum með samverukassa sem er ætlaður fyrir samverustundir en þar eru t.d. bækur og lagalista til að nýta sér. Samverustundir nýtum við líka m.a. í að læra að telja, teljum hvað margir eru í samveru, teljum fingurna og tærnar. Við lærum hvar augun okkar eru, nef, eyru, munnur, olnbogi, hné, haka, enni, axlir o.fl.

Annars erum við að lesa og skoða bækur með börnunum öðru hvoru yfir daginn alla daga og við erum mjög dugleg að lesa fyrir þau enda mikill bókaáhugi hjá mörgum. Þegar tími gefst yfir daginn grípum við tækifærið og setjumst niður í lestrarstund

þar sem börnin hafa kost á því að koma og vera með ef þau vilja. Sum geta setið og hlustað á hverja bókina á fætur annarri á meðan önnur endast stutt en það er líka bara allt í lagi því þessar stundir eru hugsaðar þannig að börnin ráða sjálf hvort þau eru með og hversu lengi þau eru.



Við fórum með elstu börnin okkar í sögustund á bókasafninu og svo höfum við verið að fara öðru hvoru með nokkur börn í einu á bókasafnið, skipta út bókum og nýtt okkur aðstöðuna þar til að skoða bækur og leika.

Strax í haust kynntumst við öll Lubba enda er hann alltaf inni á deild og börnin fá að vera með hann eins og þau vilja. Við tókum hvert máhljóð fyrir í tvær vikur í senn og hefur það gengið mjög vel. Börnin eru ótrúlega fljót að læra lögin og dugleg að syngja þau. Við erum með máhljóðaspjöld sem hanga uppi á vegg en þar getum við séð máhljóðið sem við erum að vinna með og þau sem við erum búin að læra. Á spjöldunum er líka textinn við lögin og myndir af hlutum sem eiga viðeigandi staf.



Við erum smám saman að vinna í því að festa tákn með tali í sessi hjá okkur og erum með tákn vikunnar sem við vinnum með í tvær vikur eins og með Lubba máhljóðið. Það hangir svo alltaf uppi í fataklefanum hvaða máhljóð við erum með hverju sinni, hvaða lag tilheyrir því og hvaða tákn við erum að vinna með auk þess sem við sendum þær upplýsingar til foreldra svo hægt sé að vinna með það heima líka.

Við erum með tákn tengd matartímanum við matarborðið og tákn tengd útiveru í fataklefanum, að hafa þetta sýnilegt minnir okkur öll á að nota þetta.

Ferilmöppur barnanna eru aðgengilegar svo þau geta skoðað þær eins og þau vilja og þau hafa mikinn áhuga á því.



Eftir áramót fengu börnin að taka litla Lubba með sér heim eina helgi. Honum fylgir taska með möppu þar sem hægt er að skrá niður hvað var gert með honum og stundum fylgdu myndir með. Þegar börnin komu aftur með Lubba eftir helgina fórum við yfir það með þeim hvað þau gerðu og þau fá því að sýna og segja sjálf frá. Skráningin fer svo í ferilmöppuna.



Styrkleikar:

Við erum mjög dugleg að lesa fyrir börnin daglega, bæði fyrir hópa og eins fyrir einn og einn og við finnum að það hefur skilað sér í auknum bókaáhuga í barnahópnum. Lubbavinnan hefur líka gengið mjög vel og við dugleg að leggja inn máhljóðin og syngja lögin.

Tækifæri til úrbóta:

Við stefnum á að vera duglegri með skráningar. Skrá niður allar málörvunarstundir sem við erum með aukalega og skrá niður þegar við erum að lesa fyrir börnin yfir daginn svo við höfum betri yfirsýn yfir það hvaða börn er verið að lesa fyrir hverju sinni. Við sjáum þá líka hvaða börn það eru sem sjaldnast er lesið fyrir og getum því unnið út frá því.

| Umbótaþáttur/ matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Tímaáætlun | Hvernig er metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|--|--|--|---|--|---|
| Skráningar á lestri og málörvunarstundum | Skrá niður málörvunarstundir og þegar við lesum yfir daginn, hvaða börn er verið að lesa fyrir. | Gera skráninguna skilvirka og virkja allt starfsfólk deildarinnar í að vinna að þessum þáttum. | Deildarstjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk deildarinnar vinnur saman að markmiðum. | Þegar aðlögun er lokið og út veturinn | Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og fer yfir skráningarblöð sem fyllt hafa verið út | Aukinn skilningur og orðaforði. Aukinn bókaáhugi. |

Útivera/Útinám

Við förum daglega í útiveru og þá pössum við upp á að það séu fáir í einu í fataklefanum. Við gefum okkur góðan tíma og hvetjum börnin til að æfa sig í að klæða sig í og úr og að ganga frá fötunum í hólfið sitt þegar þau koma inn. Við hvetjum þau líka til að hjálpa hvort öðru ef þau geta og það finnst þeim oft mjög gaman. Við erum stöðugt að hvetja börnin áfram til að gera sjálf og til þess þarf að leyfa þeim að prófa.

Við erum til staðar og aðstoðum, hvetjum þau áfram og hrósum þeim fyrir „litlu sigrana“.

Þegar börnin eru að stíga sín fyrstu skref í leikskólalífinu eru markmiðin okkar fyrst og fremst að þau öðlist öryggi í okkar umhverfi og njóti útiveru í alls konar veðri. Stefnan er svo alltaf að



fara smám saman út fyrir leikskólalóðina í stuttar gönguferðir, að börnin læri að ganga í röð og fylgja hópnum. Við leggjum áherslu á orðaforða tengdum útifötum og veðri, fylgjumst með veðrinu og hvernig best er að klæða sig eftir því. Við fylgjumst með fuglum og flugvélum, skoðum trén í garðinum og leitum að ornum svo eitthvað sé nefnt.

Strax í haust byrjuðum við að fara með 6 elstu börnin okkar í útinám og það gekk mjög vel. Áður en við leggjum af stað ræðum við saman um það sem við erum að fara að gera, við förum yfir veðrið og hvernig við þurfum að klæða okkur og nýtum tækifærið til að nota tákni með tali þegar við förum yfir klæðnaðinn.

Styrkleikar:

Við förum út að leika alla daga og látum veðrið ekki stoppa okkur, kennum börnunum að njóta útiverunnar í allskonar veðri og virkjum þau úti. Við erum til staðar fyrir þau, fylgjumst með og sjáum til þess að allir fái tækifæri til að njóta sín í útiveru. Í haust settum við útinámið inn í skipulagið hjá okkur og byrjuðum að fara með elstu börnin okkar. Einn starfsmaður fékk það hlutverk að sjá um útinámið og það gekk mjög vel, hópurinn fór vikulega í stuttar ferðir og börnin nutu sín.

Tækifæri til úrbóta:

Eftir áramót urðu breytingar á deildinni, barnahópurinn yngdist og við náðum ekki að halda útináminu eins og við hefðum viljað. Við stefnum á að halda útináminu gangandi og gera enn betur. Taka stöðuna í haust þegar aðlögun er lokið og sjá hvað við getum gert með þann hóp sem við erum með og skipuleggja út frá því, taka svo aftur stöðuna um áramót og sjá hvað við getum gert í framhaldi af því.

| Umbótaþáttur/ matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Tímaáætlun | Hvernig er metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-----------------------------|--|--|---|--------------------------------------|--|---|
| Útinám | Að útinám verði fastur liður í starfinu. | Skipuleggja útinámið fyrirfram um haustið og aftur eftir áramót. | Deildarstjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk deildarinnar vinnur saman að markmiðum. | Þegar aðlögun er lokið og útveturinn | Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum, hvað gengur vel og hvað má betur fara. Skráningar á útináminu. | Að börnin njóti sín í útiveru í allskonar veðri. Aukinn áhugi og úthald í útinámi og útiveru. |



Íslenska sem annað mál

Við erum mjög meðvituð um að setja orð á alla hluti og athafnir og nýtum allar stundir (fataklefi, matartíminn, skiptitímar). Við reynum að vera skýr í tali, endurtökum á réttan hátt og gefum einföld og skýr fyrirmæli. Við erum með myndrænt skipulag um hálsinn sem við getum nýtt okkur í aðstæðum sem þarf, börnin geta þá séð myndir af dagsskipulaginu okkar og við þannig sýnt þeim hvað er framundan. Svo er alltaf hægt að útbúa myndræna skipulagið eftir þörfum þess sem þarf á því að halda hverju sinni.

Í fataklefanum eru fánar landanna uppi og kveðjur á þeirra tungumáli.

Styrkleikar:

Við nýtum öll tækifæri í daglegu starfi til að vinna að því að auka orðaforða barnanna og þau fá því stöðuga málörvun yfir daginn. Við erum dugleg að læra máhljóðin hans Lubba, syngjum mikið og lesum og eins erum við alltaf að verða duglegri að nýta okkur tákni með tali.

Tækifæri til úrbóta:

Við erum með myndrænt skipulag uppi á vegg sem hefur ekki verið notað eins markvisst og við hefðum viljað svo stefnan er að gera betur þar og byrja strax í haust að nýta okkur það. Ákveða hvenær yfir daginn við förum yfir það með barnahópnum og hvernig við ætlum að nota það. Við höfum verið með auka málörvunarstundir en þurfum að skipuleggja þær betur og vera dugleg með skráningu á þeim og eins með 10 mínútna regluna.

| Umbótapáttur/ matspáttur | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Tímaáætlun | Hvernig er metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|--|---|---|---|---|--|---|
| Skipulagðar málörvunar- stundir og skráning á þeim. 10 mínútna reglan og skráning á því. | Skipuleggja málörvunar- stundir, hvenær þær eru og hvað á að vinna með. Skrá niður Að festa 10 mínútna regluna í sessi og skrá niður. | Gera skráninguna skilvirka og virkja allt starfsfólk deildarinnar í að vinna að þessum þáttum | Deildarstjóri ber ábyrgð en allt Starfsfólk deildarinnar vinnur saman að markmiðum | Þegar aðlögun er lokið og út veturinn | Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og fer yfir skráningarblöð sem fyllt hafa verið út | Að öll börn njóti sín og skilji það sem fram fer. Að þau verði ófeimin við að tjá sig. Að öryggi þeirra og málþroski aukist |



4.2 Gulaland

Á þessu námsári voru sextán börn á Gulalandi öll fædd árið 2020 & 2021. Á deildinni voru tíu stelpur og sex strákar. Í október hætti hjá okkur stelpa fædd 2020, og þá byrjaði hjá okkur strákur fæddur 2021. Í janúar færðist stelpa fædd árið 2020 frá Gulalandi yfir á Álfaland, og þá byrjaði hjá okkur strákur fæddur árið 2021.

Læsi

Á Gulalandi vinnum við með Málhljóð Lubba. Tekin var ákvörðun í byrjun hausts að tvær af yngri deildunum myndu byrja á sama tíma með hvert málhljóð og að hvert málhljóð yrði tekið fyrir í tvær vikur. Á morgnana var börnunum skipt niður í þrjá hópa þar sem farið var í Lubbastund alla daga. Í þessum hópum var einnig farið yfir dagskipulagið myndrænt.

Á deildinni eru síðan alltaf bækur í hæð barnanna sem eru aðgengilegar fyrir þau. Börnin sækjast mikið í að skoða bækurnar og eru þær lesnar ef þau biðja um það. Áhersla er lögð á að bjóða börnunum að skoða bók eftir matinn. Þá skila þau disknum sínum, þvo hendur og fá að velja sér bók til að skoða. Þetta fyrirkomulag skapaði mun meiri ró eftir matartímana. Einnig er alltaf jákvæður ávinningur í því að bjóða bók og börnin læra að ganga vel um bækurnar. Við sjáum það hjá okkur. Deildarstjóri keypti inn fleiri harðspjaldabækur sem eru í boði fyrir börnin í öllum rýmum þegar þau vilja.

Síðasta verkefni tengt lestri í vor var lestrarátak Gulaland sem hófst í lok maí. Það gekk vonum fram og var mikil þátttaka. Börnin fengu Lubba bein með sér heim og lituðu og klipptu út síðan skrifuðu foreldrar titil bókarinnar sem lesin var heima á beinið og börnin hengdu svo beinið upp hjá okkur.





Læsisteymi leikskólans vann vel síðasta vetur og sú vinna skilaði sér áfram vel inn í starfið hjá okkur. Starfsmaður Gulalands var í teyminu og kom öllum þeim verkefnum og hugmyndum sem teymið lagði upp með vel inn í starf deildarinnar. Læsisteymið setti einnig af stað bókakassa sem fóru á milli deilda mánaðarlega. Þeir nýttust afar vel hjá okkur á Gulalandi. Einnig var lagt upp með flæðilestur og skráningar á flæðilestri á deildinni. Þannig er haldið utan um og fylgst með ef einhver

börn fá ekki lestur eins oft og önnur.

Valin var bók vikunnar og bókaormur unnin í tengslum við bók vikunnar.

Pennan vetur bættum við einnig við ferðum á bókasafnið. Þá fóru tveir starfsmenn með fimm til sex börn í einu labbandi yfir á bókasafnið. Á bókasafninu fórum við í sögustund sem starfsmaður bókasafnsins sá um.



Styrkleikar: Þar sem börnin á Gulalandi eru ung erum við meðvituð um að setja orð á allar athafnir í daglegu starfi hjá okkur og endurtaka það sem þau segja við okkur. Þannig erum við góðar málFYRIRMYNDIR fyrir börnin á deildinni og börnin fá stöðuga málörvun yfir daginn. Helsti kostur þess eru þeir að öll börn fá málörvun allan daginn og það oft á dag. Kosturinn við að skipta þeim í minni hópa alla daga er sá að hvert og eitt barn fær aukinn tíma með kennaranum og þau fá tækifæri til þess að læra í rólegu umhverfi.

Við náðum að syngja öll þau máhljóð sem við höfðum ætlað okkur og komumst mun lengra en upphaflega planið var, sem er jákvætt.

Tækifæri til umbóta: Byrja fyrr með flæðilestur og skráningar á þeim.



| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-------------------------------------|---|--|---------------|---------------|--------------|------------------------------------|---------------------------------|
| Flæðilestur og Skráningar á þeim | Koma flæðilestri enn betur inni daglegt starf. Allaf verið að lesa en gleymist að skrá. | Hengja skráningarblað upp strax um haustið og minna hver aðra á að skrá. Deildastjóri minnir alla starfsmenna á að skrá á blaðið. | Allir á deild | Sept. 2024 | Júlí 2025 | Á deildarfundum hálfmánaðarlega | Aukinn lestur fyrir öll börn |

Útinám

Við fórum seint af stað með útinám á Gulalandi fyrst og fremst sökum aldurs barnanna. Börnin voru yngri en hafa verið á Gulalandi undanfarið, svo okkar áherslur voru að aðlaga útinám að svo ungum börnum. Það gerðum við með t.d. að taka snjó inn í kar og leika með hann inni. Við tókum ánamaðka inn til að skoða og fræðast um þá. Við lögðum áherslu á að fylgjast með fuglum og flugum úti í garði í útiveru og fræða börnin um þessi dýr sem eru í okkar nærumhverfi.



Við lögðum áherslu á að frá apríl/maí myndum við fara með börnin í litlum hópum yfir í garðinn í Sunnuborg oftast í kringum hádegið. Við settum einnig upp spjald við útidyrhurðina í fataklefanum með myndum hvernig veðrið er og hvernig þarf að klæða sig. Spjaldið var síðan skoðað á morgunfundi og farið yfir veðrið.



Styrkleikar: Við þurftum svo sannarlega að aðlaga okkur að aðstæðum í vetur og það gekk mjög vel. Við munum halda sama plani fyrir næsta haust en mögulega bæta inn styttri gönguferðum fyrr á árinu. Við fórum í þessar styttri gönguferðir þegar veður leyfði. Bættum einnig við gönguferð í heimsókn á bókasafnið í Sólheimum.

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-----------------------------|--|---|---|----------------------|--------------|------------------------------------|--------------------------------------|
| Útinám | Fara fyrir í styttri gönguferðir og heimsókn í garðinn í Sunnuborg | Deildarstjóri leggur þetta til fyrir en var gert núna í ár | Allir á deildinni en deildarstjóri hefur umsjón | Feb/ mars 2025 | Júlí 2025 | Á deildarfundum hálfsmánaðalega | Börnin læri fyrir að ganga í hóp. |

Íslenska sem annað mál

Á deildinni voru börn af erlendum uppruna. Notað var myndrænt skipulag sem hengt var um hálsinn til þess að sýna þeim sjónrænt hvað væri að fara að gerast. Starfsmennirnir voru síðan virkir í að setja orð á hluti og athafnir og gefa sér tíma til spjalla við börnin. Við lögðum mikla áherslu á myndrænt dagskipulag í öllum samveru stundum strax um haustið. Það sýndi þónokkurn árangur fljótt. Einnig hefur deildarstjóri lagt áherslu á að para saman börn til að mynda í matartímum sem eru sterk í íslensku og annað sem þarf aukna málörvun. Það hefur virkað vel og borið árangur. Þau börn sem hafa enga íslensku heima eru í sér málörvunar og lesstundum. Þær stundir eru stuttar og hnitmiðaðar og fara fram tvisvar sinnum á dag.

Styrkleikar: Með myndrænu dagskipulagi strax að hausti læra börnin sem allra fyrst á skipulagið á deildinni og vita alltaf hvað kemur næst.



Það minnkar óöryggi barnanna.

Með því að nota lyklakippurnar skilja börnin fyrir hvað er í gangi þar sem mörg þeirra hafa engan eða lítinn skilning í upphafi annar. Með því að skipta þeim síðan í minni hópa og lesa fyrir þau er hægt að auka orðaforða þeirra. Mikilvægast er síðan að setja orð á allt og tala við þau í þessum klassísku umönnunar aðstæðum sem einkennir starfið með ungum börnum.



Tækifæri til umbóta:

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-----------------------------|--|----------------------------------|---|-----------|-----------|---------------------------------|---|
| Nota myndrænt skipulag | Með því að nota myndrænt dagskipulag í öllum samverustundum vita börnin alltaf hvað kemur næst í skipulaginu okkar á deildinni | Byrja fyrr með myndrænt skipulag | Allir á deild en deildarstjóri ber ábyrgð á að allir fylgi eftir. | Sept 2024 | Júlí 2025 | Á deildarfundum hálfsmánaðalega | Stytttri grátur hjá börnunum og að þau læri fyrr á dagskipulagið og líði þar að leiðandi betur. |

Endurmat á starfi vetrarins: Við erum mjög ánægðar með veturnum. Þegar börnin byrjuðu fyrst voru sum þeirra óörugg og mikill grátur framan af haustinu.

Að skipta hópnum upp á morgnanna er mjög mikilvægt til þess að öll börn fái að njóta sín ein með starfsmanni. Einnig lögðu við mikla áherslu á sjálfshjálp og þá aðalega í fataklefanum og matartímanum og sást það greinilega í lok annar. Útivera spilaði stóran þátt í okkar starfi og var nánast undantekningalaust farið út á morgnanna og síðan þegar veðrið varð betra var farið tvisvar á dag. Sum börnin sem voru farin að sofa styttra um vorið eða jafnvel hætt að sofa fóru líka út í hádeginu. Foreldraviðtölin komu vel út og voru allir foreldrar mjög ánægðir með starf deildarinnar.



4.3 Bláaland

Veturinn 2023-2024 var tvískiptur á Bláalandi vegna framkvæmda við Smálönd sem drógust verulega svo börnin sem flytjast áttu yfir á eldri deildir haust 2023 fluttu ekki fyrr en í janúar 2024. Fyrir áramót voru 18 börn á Bláalandi fætt 2020 og 2021. Börn fædd 2020 voru 11, þrjú strákar og átta stelpur börn fædd 2021 voru sjö, þrjár stelpur og fjórir strákar. Í janúar 2024 voru 16 börn á Bláalandi öll fædd 2021, fimm stelpur og 11 strákar í apríl kom svo eitt barn af Rauðalandi og þá urðu börnin 17, sex stelpur og 11 strákar.



Læsi

Markmið okkar á Bláalandi fyrir áramót var að auka orðaforða barnanna enn meira. Leggja orð á alla hluti, nota tákn með tali. Lesa bækur sem hæfa aldri og getu barnanna því barnahópurinn var mjög fjölbreyttur. Enn vantaði uppá orðaforða nokkurra barna en við höfðum þó greint miklar framfarir. Við höldum áfram að æfa hlustun, jákvæð samskipt og að verða læs á umhverfið bæði úti og inni.

Fyrir áramót áttu Lubbastundir sinn fasta sess einu sinni í viku. Í Lubbastund er farið í íslensku máhljóðin. Við notum myndaspjöld til að leggja inn ný orð, gerum táknin og æfum okkur í að klappa atkvæði ríma og nota yfirhugtök eins og dýr, ávextir, grænmeti, föt og fleira. Einnig æfum við okkur að bjóða góðan daginn í upphafi stundar og kveðja í lokin. Síðan fara allir í röð áður en farið er fram. Eftir áramót hefur ekki gengið eins vel að halda Lubbastundum í litlum hópum en í staðinn höfum við sett inn Lubbastund í fyrstu samveru á morgnana og hefur það gengið mjög vel. Börnin eru virkir þáttakendur og eru dugleg að syngja vísurnar og gera táknin.

Málörvun var líka einu sinni í viku fyrir áramót þar sem lesnar voru bækur, farið í ýmsa leiki, spilað, rætt saman, unnið með texta, orð, vísur og rím einnig æfðum við afstöðuhugtök. Veturinn 2022-2023 var ákveðið að leikskólinn tileinkaði sér *Tákn með tali*. Við höfum kynnt tvö tákn á tveggja vikna fresti. Einnig höfum við verið dugleg að flétta því inn í allt okkar starf. Eftir áramót hefur ekki gengið eins vel að halda málörvunarstundum en við höfum í staðinn notað samverustundina fyrir hádegi í allskonar málörvun. Höfum tekið fyrir ýmis þemu eins og líkamann, litina, yfir/undirflokk og fugla.

Dagskipulag er myndrænt og leikefni er merkt með mynd og orðum. Ritmál er sýnilegt á deildinni, bæði tölustafir og bókstafir. Við erum með samverustundir tvisvar til þrisvar yfir daginn þar sem farið er yfir daginn, veðrið og klæðnað fyrir útiveru, sungið, lesið eða unnið með annað málörvandi efni.



Flæðilestur kom sterkur inn hjá okkur eftir áramót. Hann er hugsaður þannig að starfsmaður sest niður með einu barni og les fyrir það bók. Önnur börn geta komið og hlustað og tekið þátt en merkt er við barnið sem upphaflega var áætlað að lesa fyrir. Þannig er hægt að fylgjast með hvaða börn er lesið fyrir og hvaða börn er minna lesið fyrir.



Styrkleikar: Þó svo að allt hafi ekki gengið upp eftir áramót í sambandi við Lubba og málörvun hafa börnin sýnt framfarir á mörgum sviðum. Við sjáum miklar framfarir í samleik og samskiptum barnanna sem gæti skýrst af miklum tíma í frjálsum leik.

Tækifæri til umbóta: Þó svo að okkur hafi fundist mikilvægt að hafa fastar stundir í málörvun og Lubba fyrir áramót þá höfum við séð framfarir á mörgum sviðum eins og samskiptum og samleik barnanna eftir áramót. Mikilvægur þáttur í leikskólastarfi er frjálsi leikurinn og að börnin fái að læra í gegnum leikinn. Áskorun næsta vetrar er að ná inn þeim þáttum sem við viljum leggja áherslu á í gegnum frjálsa leikinn. Eins og að auka orðaforða, leggja inn Lubbamálhljóð og æfa sig í samskiptum. Einnig þurfum við að bæta okkur enn frekar í flæðilestri og skráningu.

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-----------------------------|--|---|--|-----------|----------|---|---|
| Flæðilestur | Að lesa fyrir öll börn einslega að minnsta kosti tvisvar til þrisvar sinnum í viku. | Að nota bókakassana fyrir flæðilestur betur og fara á bókasafnið og fá bækur fyrir börn sem eru komin lengra í hlustun. | Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar | Haut 2024 | Vor 2025 | Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið. | Að öll börn fái að njóta þess að hlusta á sögur og ævintýri. |
| Frjáls leikur | Að nota frjálsa leikinn meira í innlögn á þeim þáttum sem við viljum ná fram hjá börnunum. | Vera til staðar í leik og leggja orð á alla hluti og athafnir. | Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar | Haut 2024 | Vor 2025 | Á deildar-fundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið. | Að efla orðaforða og samskipti í gegnum leik. Svo hvert barn fái að njóta sín í leik og starfi. |



Útinám

Markmið útináms er að efla umhverfisvitund barna og fullorðinna, að börnin fái notið aukinnar útiveru í leik og starfi og læri að meta umhverfi sitt og náttúru sem dýrmæta auðlind og rækti með sér væntumþykju og skilning á henni. Styrkja andlega og líkamlega vellíðan barna, sjálfsmynd þeirra og hæfni til samvinnu. Tengja skólastarfið við grenndarsamfélagið, umhverfið og náttúran er efniviður kennslunnar.



Í útinámi yngstu barna æfa börnin sig í að klæða sig sjálf, ganga í röð og fylgja hópnum sínum. Lögð er áhersla á orðaforða eins og því sem við kemur klæðnaði, veðri og öllu því sem við sjáum og skynjum í náttúrunni.

Fyrst í haust héldum við áfram að fara í útinám í hverri viku þar sem hópurinn frá síðasta vetri var tilbúinn í útinám og þau sjö börn sem bættust við í haust voru áhugasöm og höfðu góðar fyrirmyndir í eldri hópnum.

Um leið og veður gafst til að fara í útinám eftir áramót fórum við af stað. Börnin voru tilbúin og þau atriði eins og halda í bandið og að ganga í röð gengu mjög vel. Við höfum farið á svæði sem er nálægt leikskólanum og leikið þar, skoðað náttúruna og æft kjark og þor. Nokkrar ferðir hafa fallið niður vegna veðurs eða veikinda starfsfólks en annars höfum við náð að halda okkur við skipulagið. Við höfum sent heim myndræna skráningu á ferðunum og hafa foreldrar lýst ánægju sinni með það.



Styrkleikar: Útinámið hefur gengið vel þegar við höfum komist. Við höfum náð mörgum af markmiðum okkar og sjáum mikinn mun bæði á þoli og kjarki barnanna. Enn eigum við þó eftir að ná einum af þeim þætti sem við settum okkur fyrir þennan vetur, að hafa Lubba með í hverja ferð og finna hluti sem byrja máhljóði vikunnar.

Tækifæri til umbóta: Við erum heilt yfir mjög ánægðar með hvernig útinámið hefur gengið í vetur. Næsta áskorun er að halda áfram því sem við höfum verið að gera og bæta Lubba inn í ferðirnar.



| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-----------------------------|---|---|-----------------------------|----------------|----------|--|--|
| Útinám | Tengja Lubba máhljóð vikunnar inn í ferðirnar | Hafa Lubba með og velja hluti í náttúrunni eða sem við sjáum í ferðinni sem byrja á máhljóði vikunnar | Allir starfsmenn á deilinni | September 2024 | Maí 2025 | Á deildarfundum á þriggja vikna fresti | Að börnin læri ný orð sem tengjast útináminu og máhljóði vikunnar. |

Íslenska sem annað mál

Í leikskólanum Langholti er um þriðjungur barna af erlendum uppruna. Á Bláalandi eru fjöltyngd börn. Þessi börn þurfa að ná auknum orðaforða. Við þurfum að leggja orð á allar athafnir og lesa fyrir þau einslega og í litlum hópum. Þau þurfa skýr og einföld fyrirmæli og ganga þarf úr skugga um að þau skilji það sem verið er að vinna með. Vera til staðar í frjálsum leik og styðja þau og styrkja til að ýta þeim áfram í námi sínu. Fyrir áramót gerðum við margt gott en verðum að viðurkenna að við hefðum viljað gera betur þó aðallega í að lesa meira fyrir þessi börn einslega og hafa þau í minni hópum. Innleiðing á TMT hefur styrkt þessi börn í að tjá sig með fleiri leiðum. Eftir áramót hafa öll börn sem eru á Bláalandi náð góðum orðaforða en við þurfum alltaf að hafa þessa þætti í huga.

Tækifæri til umbóta: Við höfum ekki verið nógu dugleg að nota 10 mínútu regluna og ákveða hvaða börn skal efla hverju sinni.



| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-----------------------------|---|--|---------------|----------------|----------|---|---|
| Íslenska sem annað mál. | Hafa minni hópa svo hægt sé að fylgjast með að börnin nái að skilja það sem fram fer. 10 mín reglan | Lesna meira fyrir þessi börn einslega og í litlum hópum. Nota efnivið sem til er á leikskólanum til að efla orðaforða. Velja eitt barn á tveggja vikna fresti til að nota 10 mín regluna með. | Allir á deild | September 2024 | Maí 2025 | Á deildarfundum á þriggja vikna fresti. | Að börnin verði virk í barnahópnum og að öryggi þeirra og málproski aukist. |



4.4 Undraland

Undraland, 2023 - 2024

Í vetur voru 25 börn á Undralandi, 15 stelpur og 10 strákar
öll fædd árið 2019.



Læsi

Á Undralandi erum við með nokkrar samverur á hverjum degi með öllum börnunum á deildinni. Fljótlega eftir morgunmatinn erum við með morgunfund þar sem farið er yfir dagskipulag deildarinnar og valdir eru tveir umsjónarmenn dagsins. Umsjónamennirnir gå til veðurs og segja öðrum börnum á deildinni hvernig við eigum að klæða okkur þann daginn, umsjónarmenn leggja einnig á borð fyrir hádegismatinn.

Fyrir hádegismatinn erum við með samveru fyrir öll börnin og er börnunum skipt í tvo hópa. Í samverunni erum við að lesa, syngja og fara í ýmsa málörvunarleiki.



Eftir hádegismatinn fara öll börnin í lesstund, þar skiptum við börnunum í 2 hópa. Í lesstundunum erum við að lesa sögur fyrir börnin, og veljum við sögur sem henta hvorum hóp fyrir sig.

Í Langholti höfum við verið að innleiða flæðilestur. Búið er að útbúa bókakassa sem fara á milli deilda, deildir með sama aldri skipta kössunum á milli sín og skiptum við um kassa mánaðarlega. Markmiðið með þessu er að auka lestur fyrir börnin og fylgjast með því að allir fái jöfn tækifæri á að láta lesa fyrir sig. Við nýtum bækurnar úr kassanum til að lesa fyrir börnin, en merktum ekki við hvaða börn var lesið fyrir, það er eitthvað sem við munum bæta næsta vetur og hafa flæðilesturinn markvissari.



Bækur eru aðgengilegar á deildinni fyrir börnin, þær eru í bókahillu þar sem börnin geta nálgast þær þegar þau vilja. Umgengni við bækurnar hefur ekki verið góð og höfum við þess vegna



ekki haft of margar bækur í einu í boði, við erum að kenna börnunum góða umgengni við bækurnar okkar.

Í vetur höfum við farið reglulega í sögustund á Sólheimasafnið, við skiptum barnahópnum í tvo hópa og fara hóparnir sitthvorn daginn. Á bókasafninu eru lesnar sögur fyrir börnin. Eftir sögustundina fá þau að skoða bækur og leika með leikefni sem er á safninu. Við fáum bækur lánaðar á bókasafninu sem við lesum fyrir þau í samveru og lesstundum.

Við erum meðvituð um að setja orð á athafnir hjá okkur í öllu daglegu starfi hjá okkur, þar með erum við góðar málfyrirmyndir fyrir börnin á deildinni.

Bók- og tölustafir eru sýnilegir í hæð barnanna á deildinni sem þau skoða mikið. Við höfum merkt alla leikfangakassa á deildinni okkar, einnig húsgögn og hluti sem eru á deildinni okkar. Ritmálið er því mjög sýnilegt fyrir börnin. Mörg börn eru farin að skrifa nafnið sitt og sýna stöfum og ritmáli mikinn áhuga, við erum með spjöld með nöfnunum þeirra sem þau geta fengið til að herma eftir.



Í vetur höfum við verið að vinna með Lubba, við lögðum inn nýtt máhljóð á tveggja vikna fresti. Við vorum með Lubba samveru þar sem við fórum yfir máhljóðið sem við vorum að leggja fyrir, síðan skiptum við hópnum í þrennt og gerðum verkefni sem tengdust máhljóðinu. Lubbabein eru notuð í kaffitímanum hjá okkur, við bjóðum börnunum í kaffitíma með lubbabeini með nafninu þeirra á og eru þau orðin mjög dugleg að þekkja nöfnin sín og annarra barna á deildinni. Börnin eru mjög dugleg að þekkja Lubbatáknin og notum við þau t.d. þegar við veljum umsjónarmann, þá gerum við Lubbatáknið áður en við segjum nafnið þeirra. Öll börnin fengu Lubba litla í heimsókn eina helgi í vetur og sögðu frá heimsókninni í samveru, einnig komu þau með hlut að heiman sem byrjaði á fyrsta stafnum í nafninu þeirra.



Tækifæri til umbóta: Við erum nokkuð ánægð með hvernig til tókst hjá okkur með markmiðin sem við settum okkur varðandi læsi. Börnin fengu lestur amk einu sinni á dag og suma daga oftar. Við höldum áætlun með Lubba stundir og innleiðingu Lubba máhljóðanna.

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-----------------------------|--|---|-------------------------|-----------|-------|---|---|
| Flæðilestur | Við stefnum á að hafa flæðilesturinn markvissari en hann var í vetur | Byrja strax að hausti að skrá fyrir hvaða börn er lesið | Starfsfólk deildarinnar | September | júní | Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum reglulega yfir veturinn | Að öll börnin fái lestrarstund reglulega yfir veturinn og að þau sækji meira í að láta lesa fyrir sig |


Útinám

Í vetur stefndum við á að fara í útinám aðra hverja viku, þá viku sem við fórum ekki í T.B.R. Í upphafi hverrar ferðar litum við til Esjunnar og heilsuðum henni.

Í haust völdum við okkur tré í Laugardalnum sem við ætluðum að fylgjast með í vetur og sjá það breytast eftir árstíðum. Við fórum nokkrum sinnum í haust og kíktum á tréð okkar og var ávallt spennandi að sjá breytinguna á því í hvert skipti sem við fórum að skoða það. Eftir áramót höfum við ekki farið í útinám, fyrst var það færðin sem gerði okkur erfitt fyrir, mikill snjór og illa ruddar gangstéttir. Þegar það leið nokkuð langur tími á milli ferða þá féllu þær því miður niður og önnur verkefni tóku við.



Það verkefni sem hefur komið í staðinn fyrir útinám í vor eru heimilisheimsóknir. Við fórum þá í göngutúr um hverfið okkar og skoðum heimili barnanna á deildinni. Hvert barn fær mynd af sér við útidyrhurðina sína og fær svo að taka mynd af einhverju við heimilið sitt sem því þykir áhugavert. Á milli ferða vinnum við verkefni tengd heimilum þeirra. Markmiðið með þessum ferðum er að tengja saman tvo mikilvæga staði í lífi barnsins, heimilið og leikskólann. Við hengjum svo



upp kort af hverfinu okkar, setjum á það myndir af börnunum við heimilið sitt og helstu kennileiti í hverfinu sem þau tengja við.

Tækifæri til úrbóta:

Útinámið gekk nokkuð vel hjá okkur í upphafi vetrar en datt niður þegar leið á veturinn. Þegar það fór að vora þá tók við annað verkefni sem kom í staðinn fyrir útinámið, heimilisheimsóknir. Útinámið hefði mátt vera markvissara hjá okkur í vetur og við hefðum getað unnið meira úr ferðunum, það er eitthvað sem við þurfum að bæta fyrir næsta vetur. Heimilisheimsóknirnar hafa gengið mjög vel og úrvinnsla úr þeim ferðum hefur verið mjög góð.

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-----------------------------|---|--|-------------------------|-----------|-------|---|--|
| Úrvinnsla úr ferðum | Við stefnum að því að hafa úrvinnsluna úr útináminu markvissari | Ákveða fyrirfram hvaða verkefni við ætlum að gera í tengslum við ferðirnar okkar | Starfsfólk deildarinnar | September | júní | Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum reglulega yfir veturinn | Með úrvinnslu úr útináminu eru meiri líkur á því að ferðin verði minnisstæðari fyrir börnin og umræður skapast í hópnum um hana. |

Íslenska sem annað mál

Í vetur vorum við með nokkur tvítyngd börn á deildinni hjá okkur. Þau börn hafa fengið góðar málörvunarstundir hjá starfsmanni í leikskólanum sem kemur reglulega á deildina og tekur þau í markvissa málörvun. Tvítyngdu börnin okkar eru tekin í litlum hópum og einnig ein. Þessar stundir hafa gefist mjög vel og eru börnin ávallt til í að fara í þessar stundir og taka virkan þátt. Í daglega starfinu hjá okkur leggjum áherslu á að leggja orð á allar athafnir í samskiptum við þessi börn, einföld og skýr skilaboð. Við veljum bækur sem henta börnunum, einfaldur texti og ræðum um það sem við höfum verið að lesa. Í lestrarhópnum erum við að kanna skilning þeirra og gera það sem við getum til að auka orðaforða þeirra.

Tækifæri til úrbóta:

Við erum meðvituð um 10 mínútna regluna, við ræðum um það reglulega á deildarfundum. Við teljum okkur veita þessum börnum næga athygli og örvun í starfinu okkar en höfum ekki náð að gera það markvisst með skráningu, það þurfum við að bæta.



| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-----------------------------|-------------------------------------|------------------------------|-------------------------|-----------|-------|---|--|
| 10 mín reglan | Að festa 10 mínútna regluna í sessi | Gera skráninguna skilvirkari | Starfsfólk deildarinnar | September | júní | Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og fer yfir skráningarblöð sem fyllt hafa verið út | Að barnið/börnin verði virkari í barnahópnum og öryggi þeirra og málproski eykst |

4.5 Smálönd

Í Smálöndum eru 20 börn fædd árið 2020, 13 stelpur og 7 strákar. Deildin opnaði eftir framkvæmdir 8. janúar 2024. Í vor hefur áhersla verið lögð á læsi, útinám og fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Læsi

Í Smálöndum eru 2 – 3 samverur á dag. Fyrsta samveran er á morgnanna þar sem öll börnin eru saman, þá fá börnin ávexti og er farið yfir myndrænt dagskipulag, tákn vikunnar og einnig Lubba máhljóð vikunnar. Farið er yfir þulu mánaðarins 1 – 2x í viku í morgunsamveru. Fyrir hádegismat er börnunum skipt í tvo hópa í samveru og er þá áhersla lögð á hljóðkerfisvitund, svo sem að klappa atkvæði, setja saman og taka í sundur orð, ríma og spyrja almenna spurninga. Þriðja samvera dagsins er í lok dags, þá fá börnin ávexti og er lesin bók eða hlustað á sögu.



Leikumhverfi barnanna er læsishvetjandi þar sem bókstafir og tölustafir eru sýnilegir í hæð barnanna á veggjum deildarinnar sem og myndrænt dagskipulag. Ferilmöppur barnanna eru aðgengilegar og eru börnin afar dugleg að skoða þær og sýna hvert öðru möppurnar sínar.





Það er alltaf lesið fyrir börnin að minnsta kosti einu sinni á dag. Börnunum er skipt upp í tvo lestrarhópa og er lesið fyrir hópana á hverjum degi eftir hádegismat. Val á bókum fer bæði eftir getu og áhugasviði barnanna, stundum koma börn með bækur að heiman og eru þær þá

lesnar í sögustund. Spurt er um innihald bókanna á meðan lestri stendur og er rætt um innihaldið eftir að lestri lýkur. Bækur eru aðgengilegar í bókaskáp sem er í miðju rými deildarinnar og einnig í minna herbergi þar sem hægt er að skoða bækur í ró og næði.



Börnin fara aðra hverju viku í hringekju þar sem eru tvær stöðvar. Þar er áhersla lögð á íslensku máhljóðin, fjölbreyttan orðaforða, hljóðkerfisvitund, fínreyfingar o.s.frv.

Lubbi hefur gengið vel. Börnin eru að hjálpa hundinum Lubba að læra íslensku máhljóðin.

Við lærum nýtt máhljóð vikulega, þá lesum við sögu úr Lubba bókinni, lærum vísuna og táknið í litlum hópum. Síðan syngjum við Lubba vísuna og gerum táknið í morgunsamverum út vikuna. Hólf barnanna eru merkt með nafni þeirra, Lubba tákni og nafni forráðamanna. Sæti barnanna í samveru eru merkt með Lubba beinum þar sem



nafn þeirra, máhljóð og Lubba tákn er á og eru skúffur barnanna líka merktar með Lubba beinum. Einnig eru Lubba bein notuð í kaffi flæði þar sem börnin draga bein og bjóða hvert öðru í kaffitíma.



Styrkleikar: Börnin sýna bókstöfum og tölustöfum mikinn áhuga og eru virkir þátttakendur í samverustundum þar sem áhersla er lögð á hljóðkerfisvitund. Lubbi er í miklu uppáhaldi hjá börnunum og finnst þeim afar skemmtilegt að hjálpa honum að læra íslensku máhljóðin.

Tækifæri til úrbóta: Mætti hafa meira úrval af bókum og skipta oftar út í bókahillum. Bæta flæðislestur og hafa bókakassa sýnilegri inn á deildinni. Merkja leikefni, húsgögn og annað á deildinni betur.

| UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir ? | Viðmið um árangur |
|--|---|--|--|-------|-------|--|--|
| Úrval af bókum | Að skipta reglulega út bókum í bókahillu til að auka fjölbreytni í bóka úrvalinu. | Hafa mismunand í bókakassa til að skipta út bókum reglulega. | Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar . | Sept. | Júní. | Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum. | Að börnin hafi aðgengi að fjölbreyttu bóka úrvali til að efla áhuga þeirra á bókmenntum. |
| Flæðilestur | Efla flæðilestur í daglegu starfi til að auka áhuga barna á lestri. | Skrásetja flæðilestur og hafa bókakassa sýnilegan börnunum. | Allt starfsfólk deildarinnar . | Sept. | Júní. | Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og fer regluleg yfir út fyllt skráningarblöð. | Að auka áhuga barnanna á bókum og að þau njóti þess að láta lesa fyrir sig. Að lesið sé fyrir öll börn einslega a.m.k einu sinni í viku. |
| Merkja leikefni, húsgögn og annað á deildinni. | Gera umhverfi deildarinnar læsishvetjandi . | Leikefni, húsgögn og annað á deildinni sé merkt með orðum. | Starfsfólk deildarinnar . | Sept. | Nóv. | Farið reglulega yfir merkingar á deildinni og athugað hvort allt sé rétt og vel merkt. | Að auka orðaforða barnanna á og gera umhverfið læsishvetjandi . |



Útinám

Við byrjuðum með útinám í apríl og er barnahópnum skipt í tvennt. Útinám er alla mánudaga og fer þá helmingur barnanna í útinám og er hinn helmingurinn í hringekju, síðan skiptast hóparnir á og fara þá allir aðra hverja viku í útinám. Í útinámi förum við í gönguferðir í nærumhverfi skólans þar sem börnin kynnst náttúrunni og áhersla er lögð á umferðarreglur, hljóðkerfisvitund, stærðfræði og frjálsan leik.

Þar sem útinámið byrjaði frekar seint höfum við ekki farið í margar ferðir en við höfum farið í grasagarðinn og skoðað þar allskonar plöntur og fugla, við fórum á róló í nágrenni skólans þar sem börnin léku sér og einnig höfum við farið í Laugardalinn í leiki og skoðunarferðir.

Styrkleikar: Börnin eru mjög áhugasöm um útinám og eru virkir þátttakendur í öllum ferðum. Veður og færð hefur ekki haft áhrif á útinám eins og getur gerst yfir veturinn.

Tækifæri til úrbóta: Hefði mátt byrja fyrr í útinámi. Mætti bæta úrvinnslu og verkefnavinnu eftir útináms ferðir.



| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|--|---|-----------------------------|-------|-------|---|---|
| Úrvinnsla og verkefnavinna eftir útináms ferðir | Að hafa úrvinnslu úr útinámi markvissari. | Að hafa fyrirfram ákveðna verkefna úrvinnslu. | Starfsfólk deildarinnar. | Sept. | Júní. | Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum. | Að börnin nái að rifja upp ferðina og ferðin verði minnisstæðari. |



Fjölbreyttur tungumála- og menningarbakgrunnur

Í vor voru fimm tvítyngd börn á deildinni. Við lesum daglega í litlum hópum og einnig einstaklingslega ef beðið er um það. Myndrænt skipulag er notað yfir daginn, við setjum orð á alla hluti og athafnir og reynum að vera alltaf skýr í tali og endurtökum leiðrétt. Við erum með fána sýnilega í fataklefanum með öllum þeim tungumálum sem eru á deildinni. Börnin koma stundum með bækur að heiman á mismunandi tungumálum og útskýra söguna út frá myndunum í leik og/eða samveru.



Styrkleikar: Öll börn deildarinnar sýna mismunandi tungumálum og fánunum mikinn áhuga. Tvítyngdu börnin hafa gaman að því að kenna öðrum orð á mismunandi tungumálum og einnig að læra ný orð á íslensku.

Tækifæri til úrbóta: Mætti bæta Gefðu 10 og skrásetja það betur. Lesa oftar í minni hópum fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og vera með markvissari málörvunarstundir.

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-------------------------------|--|--|---|-------|-------|---|--|
| Gefðu 10 | Að festa 10 mín. regluna í sessi. | Gera skráninguna skilvirkari. Staðsetja börn á hring. | Starfsfólk deildarinnar. | Sept. | Júní. | Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og fer yfir skráningablöð sem hafa verið fyllt út og starfsfólk staðsetji börn reglulega eftir hringnum. | Að barnið verði virkara í barnahópnum og öryggi þeirra og málþroski eykst. |
| Markvissari málörvunarstundir | Vera með markvissari málörvun fyrir þau börn sem eru með ísl. sem annað mál. | Festa niður tíma fyrir málörvun og skrásetja hvað sé verið að gera í þeim stundum. | Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar. | Sept. | Júní. | Á deildarfundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið. TRAS skráningablöð nýtt á 6 mánaða fresti til þess að skíma eftir frávikum í mál- og félagsþroska barna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. | Að börn með ísl. sem annað mál fái málörvun 2x – 4x í viku. |



4.6 Álfaland


Við hófum skólaárið með 24 börn á deildinni. Kynjahlutföllin voru jöfn í byrjun annar. Meirihluti barnanna, voru fædd seinnihluta 2020 eða 16 börn í heildina. Svo voru þá 8 börn fædd fyrrihluta 2021. Eftir áramót færðust 11 elstu börnin á Álfalandi yfir á aðra deild og var þá aðlögun fyrir 4 ný börn og 6 af annarri deild.

Þetta skólaár gekk ágætlega fyrir sig. Svólitlar breytingar áttu sér stað um áramótin þar sem inn komu nýir deildarstjórar en gekk það mjög vel. Eftir áramót var tekið upp hópastarf þar sem lögð var áhersla á gróf- og fínhyringar, máhljóð Lubba og Tákn með tali. Einnig var reynt að fara vikulega með allan hópinn í útinám eftir áramót. Annars var lögð mikil áhersla á frjálsa leikinn. Við ákváðum í byrjun 2024 að taka út TBR og leggja meiri áherslu á útinám og hópastarf.

Læsi:

Á Álfalandi var lögð mikil áhersla á læsi þetta skólaárið. Við erum með 2-3 samverustundir á dag. Fyrsta samverustundin fer í það að fara yfir dagskipulagið, veður og klæðnað, syngja Lubbalag vikunnar og fara með þulu mánaðarins. Í samverustund fyrir hádegi er svo lesin bók eða gerð verkefni tengd hljóðkerfisvitund. Svo í þriðju samveru dagsins er lögð áhersla á leiki eða lestur. Markvissar Lubbastundir hafa verið lagðar inn með hópastarfi með Tákn með tali og þjálfun á gróf- og fínhyringum.

Einnig var lögð mikil áhersla á merkingar inni á deildinni. Lubbabeinin voru sett upp á stóla barnanna, í samverustundir, skúffurnar og í fataklefanum. Einnig voru lubbabeinin notuð í kaffitímanum fyrir flæðiskaffi. Svo voru gerðir lubbahringir fyrir börnin sem voru sett upp á vegg. Svo seint á vorönn voru settar upp dótamerkingar á flesta dótakassana. Við stefndum að því að gera umhverfið á Álfalandi læsishvetjandi með því að setja upp stafrófið, tölustafi, merkingar og annað í hæð barnanna. Þetta fór aðeins of seint af stað og hefði mátt leggja áherslu á að merkja leikefni og húsgögn betur. Sjónræna dagskipulagið er



svo sýnilegt börnunum í gegnum daginn. Ferilmöppur eru einnig aðgengilegar börnunum og eru þau mjög dugleg að skoða þær og sýna.

Bækur eru aðgengilegar í bókakössum og í hillum og svo erum við með bókakassa sem var skipt út mánaðarlega sem voru í umsjón verkefnastjóra. Við fórum nokkrum sinnum yfir árið með börnin á bókasafnið í sögustundir og svo tókum við nokkrum sinnum bækur til útláns sem var alltaf skemmtilegt



uppbrot. Við leggjum áherslu á að lesa allavega einu sinni til tvisvar á dag, og þá oft margar í senn, fyrir börnin í samverustundum og svo kennum við þeim nýja þulu í hverjum mánuði. Við leggjum einnig áherslu á að syngja mikið með börnunum. Við tókum sérstaklega vel inn Tákni með tali eftir áramót þar sem það kom til okkar barn sem nýtir sér það mikið. Við sjáum gríðarlega mikinn árangur í Tákni með tali hjá okkur frá áramótum.



Styrkleikar:

Þulukennsla hefur gengið mjög vel, við höfum lært 5 nýjar þulur frá áramótum. Lestur hefur verið í forgunni og lögð áhersla á að lesa mikið yfir daginn. Gengið hefur vel að læra máhljóð Lubba eftir áramót og höfum við klárað að fara yfir máhljóðin sem gert er ráð fyrir að börn á þessum aldri læri. Við höfum einnig verið mjög dugleg í að styðjast við sjónrænt skipulag í daglegu starfi.

Tækifæri til úrbóta:

Nýta flæðislestur betur, merkja leikefni og húsgögn betur, bæta Lubba inn í aðra námsþætti og meiri verkefnavinna tengd máhljóðunum.



| UMBÓTARÁTTUR / MATSPÁTTUR | Tækifær i til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefs t | Loki ð | Hvernig metið/aðferðir ? | Viðmið um árangur |
|---------------------------------|---|--|---|-----------|-----------|---|--|
| Sambætting námsgreina | Nota Lubba í fleiri verkefni og vinnu á deildinni | Taka Lubba með í útinám, gera verkefni tengd málhljóðunu m | Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar . | Sept. | Júní. | Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum. | Að Lubbi sé samofinn skipulögðu og óskipulögðu starfi á deildinni. |
| Flæðilestur | Efla flæðilestur í daglegu starfi til að auka áhuga barna á lestri. | Skrásetja flæðilestur og hafa bókakassa sýnilegan börnunum. | Starfsfólk deildarinnar . | Sept. | Júní. | Lestur skráður á þar til gert eyðublað | Að auka áhuga barnanna á bókum og að þau njóti þess að láta lesa fyrir sig. Að lesið sé fyrir öll börn einslega a.m.k einu sinni í viku. |
| Læsishvetjandi umhverfi | Sýnilegt ritmál á deild | Leikefni, húsgögn og annað á deildinni sé merkt með orðum og myndum. | Starfsfólk deildarinnar . | Sept. | Nóv. | Farið reglulega yfir merkingar á deildinni og athugað hvort allt sé rétt og vel merkt. | Að auka orðaforða barnanna á og gera umhverfið læsishvetjandi . |

Útinám:

Með útinámi er ætlað að efla umhverfisvitund, sjálfstraust, þekkingu á náttúrunni og nærumhverfinu. Útinámið á Álfalandi hefur gengið mjög vel. Við höfum verið að fara einu sinni í viku með börnin. Við fórum aldrei á sama staðinn tvisvar, eins og kom fram að mætti gera betur í síðustu umbótaáætlun. Lögð var



áhersla á það að halda hópinn, efla úthald í göngutúrum og að leika á nýjum stöðum í nærumhverfinu. Ekki var gert sérstakt skipulag sem við fylgdum svo því má bæta við fyrir næsta vetur. Einnig kom fram í umbótaráætlun að sambætta námsgreinar í útinámi eins og að

hafa Lubba með í ferðirnar, læra stærðfræðihugtök og fleira sem ekki var gert markvisst núna í vetur, en má setja aftur sem umbótaþátt í nýja áætlun. Við sjáum mikinn árangur hjá börnunum hvað varðar að halda hópinn og að fylgja fyrirmælum í útinámi. Útinám þarf ekki endilega að vera gönguferð í hvert skipti, mega vera verkefni á skólalóð eins og að mála úti, tína rusl og annað sem væri þá markmið fyrir næsta vetur.



Styrkleikar:

Höfum haldið útinámi í hverri viku síðan um miðjan febrúar ca. Höfum ekki farið á sömu staði tvisvar, byrjuðum á því að leggja inn æfingar varðandi að halda í band, halda hópinn og byrjum svo að þróa vinnuna í útinámi eftir því sem líður á önnina.

Tækifæri til úrbóta:

Samþætta aðrar námsgreinar við útinám. Skipuleggja útinámið betur og gera áætlun. Leggja áherslu á umhverfisvitund og sjálfbærni; endurvinnslu. Tengja lestur og læsi við útinám.

| UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR | Tækifær i til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir ? | Viðmið um árangur |
|---------------------------------|---|--|---|-------|-------|---|--|
| Skipuleggja útinámið | Að hafa skýrt skipulag út námsárið fyrir ferðir. | Búa til skipulag og kortleggja útinámið markvisst. | Starfsmaður deildar í samráði við deildarstjóra | Sept. | Júní. | Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum. | Útinámið sé skipulagðar a og að fyrirfram ákveðið. |
| Samþætta námsgreinar | Tengja umhverfi og náttúru við starf inni á deild | Taka Lubba með í útinám, leggja áherslu á stærðfræðihugtök og endurvinnslu | Deildarstjóri og annað starfsfólk | Sept. | Júní | Metið á deildarfundum af starfsfólki | Að börnin tengi útinám g annað starf saman |



Fjölbreyttur tungumála- og menningabakrunnur

Á Álfalandi voru þó nokkur börn með fjölbreyttan tungumála- og menningabakrunn. Við notum mikið Tákn með tali til þess að styðja við talað mál og notum við það í öllu okkar starfi. Verkefnastjóri hefur komið til okkar reglulega með skipulagðar lesstundir fyrir fjöltyngdu börnin á deildinni og hefur það haft mikil áhrif á áhuga þeirra barna á lestri og bókum. Við erum með spjöld í fataklefa þar sem öll tungumál inni á deildinni eru sýnleg. Við erum með markvissar Lubbastundir sem nýtast einnig sem málörvunarstundir. Við erum líka búin að vera dugleg að leggja orð á allar athafnir, og erum þannig málfyrirmyndir barnanna. Við nýtum okkur Gefðu 10, en mættum vera mikið duglegri við það að skrásetja það.



Styrkleikar:

Við erum búin að vera mjög dugleg að leggja inn Tákn með tali og hefur það gengið mjög vel. Við höfum einnig lagt mikla áherslu á að leggja orð á allar athafnir og tölum, syngjum og lesum mikið allan daginn, sérstaklega fyrir fjöltyngdu börnin.

Tækifæri til úrbóta:

Nýta Gefðu 10 betur og nota tilheyrandi blöð til skráninga. Einnig að setja inn markvissar málörvunarstundir og skipulag fyrir þær í hverri viku.

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-----------------------------|-----------------------------------|---|--------------------------|-------|-------|---|--|
| Gefðu 10 | Að festa 10 mín. regluna í sessi. | Gera skráninguna skilvirkari. Staðsetja börn á hring. | Starfsfólk deildarinnar. | Sept. | Júní. | Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og fer yfir skráningablöð sem hafa verið fyllt út og starfsfólk staðsetji börn reglulega eftir hringnum. | Að barnið verði virkara í barnahópnum og öryggi þeirra og málþroski eykst. |



| | | | | | | | |
|----------------------------------|--|---|--|-------|-------|---|--|
| Markvissari málörvunarstundir | Vera með markvissari málörvun fyrir þau börn sem eru með ísl. sem annað mál. | Festa niður tíma fyrir málörvun og skipuleggja hvað á að fara fram í þeim stundum | Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar. | Sept. | Júní. | Á deildarfundum og á starfsdögum reglulega yfir skólaárið. TRAS skráningablöð nýtt á 6 mánaða fresti til þess að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. | Að börn með ísl. sem annað mál fái markvissa málörvun 2x – 4x í viku. |
|----------------------------------|--|---|--|-------|-------|---|--|

4.7 Furðuland

Veturinn 2023 -2024 voru á Furðulandi 25 börn í tvískiptum hóp. 12 börn fædd 2018 og 13 börn fædd 2019. Samtals voru 13 stúlkur og 12 drengir.

Útinám

Farið er í útinám í hverri viku. Við höfum verið í samstarfi við Grasagarðinn og Húsdýragarðinn þar sem börnin hafa sótt fræðslu um plöntur, húsdýrin, skordýr og fleira. Við höfum farið í vettvangsferðir, aðventustund í Kaffi Flóru, heimsótt leikvelli hverfisins, heimsótt Voga- og Langholtsskóla og notið þess að fara í leiki og hreyfa okkur í náttúrunni. Farið í leikhúsferðir, á tónleika með sífó og margt, margt fleira.

Útinámið hefur almennt gengið vel og við höfum reynt að tengja það saman við starfið á deildinni. Skráningar með texta og myndum var gerð fyrir stærri ferðir og stundum unnin verkefni út frá ferðum. Foreldrar fengu svo alltaf skemmtilegar myndasýrpur í föstudagspóstum.



Yngri hópurinn fer í svokallaðar heimilisheimsóknir. En þá er farið að heimili hvers barns fyrir sig. Barnið segir frá heimili sínu og fær að taka myndir af einverju fyrir utan sem því þykir vænt um. Börnin vinna svo úrvinnsluverkefni út frá heimsókninni. Einnig er stórt götukort sett upp á vegg þar sem mynd af heimili og barni er sett á viðeigandi stað ásamt myndum af helstu kennileitum hverfisins. Markmiðið er að tengja heimili og skóla betur fyrir börnunum. Þetta er skráð og sett í ferilmöppur.



Tækifæri til úrbóta: Við erum heilt yfir mjög ánægð með hvernig útinámið hefur gengið í vetur og okkur hefur tekist að tengja það ágætlega inn í daglegt starf. Við hefðum viljað fara mun oft eftir áramót en við gerðum en það verður áskorun næsta vetrar. Næsta áskorun er að nota Lubba meira og tengja máhljóð vikunnar í útinámið. Við fórum með allan hópinn saman í útinámið þar sem yngri hópurinn þar var engu getuminni í ferðum en sá eldri. Hvað annað varðar þá hefði úrvinnsla úr ferðum mátt vera aðeins betri, þ.e. meiri frásagnir frá börnunum eftir ferðir og eins hefði mátt vera meiri verkefna úrvinnsla.



| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|--------|--|---|---|-----------|----------|----------------------------------|---|
| Útinám | Að Lubbi verði meira tengdur við útinámið og efla úrvinnslu barnanna eftir útinámið. | Gera áætlun um úrvinnsluverkefni og tengja Lubba betur inn í útinámið t.d. í samveru. | Allir á deild en deildarstjóri og umsjónarmaður útináms gera áætlun og verkefnaplan | Sept 2023 | Mái 2024 | Á deildarfundum hálfsmánaðarlega | Börnin eflast í Lubbatækninni og fá meiri dýpt í útinámið vegna þess og aukinnar úrvinnslu. |

Læsi

Alltaf ein samverustund og ein sögustund á dag. Alltaf lesið fyrir öll börn að minnsta kosti 1x á dag.

Börnunum á Furðulandi er skipt upp í 3 lestrarhópa. Lesið er fyrir þau í þessum hópum á hverjum degi. Við reynum að velja bækur sem hentar hverjum hópi. Stundum hafa hóparnir val um 2 mismunandi bækur og þá fer fram lýðræðisleg kosning. Rætt er um innihald bókanna og spurningum varðandi innihaldið svarað. Bækur eru mjög aðgengilegar í bókaskáp sem snýr fram og börnin eiga auðvelt með að velja sér sjálf bók. Við erum líka duglegar að fara á bókasafnið og sækja okkur nýjar bækur. Við förum reglulega í sögustundir á bókasafnið. Börnin hlusta á sögur af athygli og biðja oft um sögulestur. Þau koma líka oft með bækur að heiman sem við lesum. Í vetur höfum við einnig boðið upp á á flæðilestur. Markmiðið með flæðilestri er að barnið læri að njóta bóka. Barnið fær að velja sér bók úr sérstökum bókakassa. Barnið sem velur bókina situr í fangi kennarans en hin börnin geta líka hlustað og verið með í umræðunni. Merkt er við barnið á sérstakt skráningarblað þegar lesturinn er búin.



Lögð er áhersla á hljóðkerfisvitund í samverustundum, sem tengist líka inn í útinámið okkar og reynum við almennt að koma þessu að í daglegu starfi. Við klöppum atkvæði, rímum, tengjum saman orð og tökum í sundur orð. Við æfum okkur að fara eftir fyrirmælum af fyrirmælaspjöldum og spilum ýmiskonar spil.

Á morgunfundum eru æðar þulur mánaðarins og lubbavísurnar. Við höfum verið dugleg að læra nýja þulu í hverjum mánuði.

Allt sem hægt er að merkja höfum við merkt, s.s. húsgögn og leikföng. Leikföng eru merkt með orðum. Allt starfsumhverfið er læsishvetjandi. Bókstafir og tölustafir eru hangandi uppi á vegg í sýnilegri hæð barnanna sem og sjónrænt dagsskipulag. Hólf barnanna eru merkt með nöfnum barnanna og forráðamanna þeirra.

Börnin eru dugleg að æfa sig að skrifa og margir farnir að reyna að skrifa nafnið sitt með forskrift. Ferilmöppur barnanna eru mjög aðgengilegar í hæð barnanna og eru mikið skoðaðar.

Allt ritmál er mjög sýnilegt á deildinni, bæði tölustafir og bókstafir, hópaskiptingar og hlutir ásamt öllu leikefni, börnin hafa alltaf gott aðgengi að bókum, pappír, tímaritum, skærum, lími og skriffærum. Læsið tengist öllu okkar starfi bæði úti og inni eins og t.d. í útinámi þar sem börnin læra hugtök, umferðarreglur, form, litir og læsi á náttúru og umhverfi sitt. Sögustundir eru alla daga eftir hádegismat.

Það eru fjórar samverur yfir daginn með mismunandi áherslum hverju sinni, t.d. söngur, lestur, þulur, samstafa, tengja saman orð eða farið í spurningaleiki, hlustað á sögur og ævintýri, ýmist í gegnum hátalara eða kennari las bók. Á morgnana er fyrsta samverustundin þar sem við fáum okkur ávexti og leggjum drög að deginum og ræðum ýmis málefni; hvaða dagur er, mánuður, ár, veður, klæðnaður og það sem er fram undan. Öllu jafna er söngstund fyrir hádegismatinn þar sem við syngjum og leggjum inn texta og lög; Barnamenningarhátíð, jól, árstíðir, þulur og fleira. Það hefur gengið vel. Við höfum einnig notað samverustundir til að ræða saman ef einhver ágreiningsmál koma upp sem gott er að ræða í hópnum. Leshópar eru svo eftir mat. Fyrir drekkutímamann er svo samvera þar sem ýmislegt er gert og þá reynt að gera eitthvað sem ekki er búið að gera í samveru fyrr um daginn. Í lok dags er ávaxtastund og þá er hlýtt á sögur og ævintýri í hátalara eða lesin



bók. Stundum voru allir saman í samveru en stundum var þeim skipt upp í yngri og eldri, þannig var það yfirleitt í hádegissamverunni.



Eldri börnin hafa verið með framsögn í vetur. Þau koma með hlut að heiman og segja börnunum frá hlutnum, eftir það hefur verið gefinn tími fyrir spurningar. Börnin sem eru með framsögnina æfa sig í að tala fyrir hóp á meðan hinir æfa sig í að hlusta. Við gerum skráningu sem fer svo í ferilmöppu.

Við höfum farið á bókasafnið í sögustundir þar sem bókasafnsverðirnir lesa fyrir okkur bækur og sýna myndirnar úr bókunum á stórum skjá upp á vegg.

Við tókum þátt í Barnamenningarhátíð. Börnin lærðu lög og texta eftir Stuðmenn og Spilverk Þjóðanna frá því í janúar og fóru á æfingu í Tónskóla Sigursveins í mars. Þau fluttu svo lögina í apríl í Eldborgarsal Hörpu. Það gekk mjög vel og vorum við ótrúlega stolt af börnunum.



Einnig fengum við til okkar hegðunarráðgjafa sem leiðbeindi

okkur varðandi félags og tilfinningalæsi. Höfum við nýtt þau ráð í hinum ýmsu aðstæðum.

Tækifæri til úrbóta: Heilt yfir erum við mjög ánægð með hvernig gekk í vetur. Okkur tókst að ná flestum þeim markmiðum sem við settum okkur. Það má þó alltaf gera betur og þá helst í sambandi við Lubba. Okkur hefur ekki tekist nógu vel að nota Lubba námsefnið meira inn í daglegu starfi. Því munum við setja það inn í umbótaáætlunina.

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-----------------------------|---|--|---|------------|----------|----------------------------------|---|
| Læsi | Að Lubbi verði meira í notkun í daglegu starfi. | Hafa máhljóð vikunnar sýnilegra. Syngja ljóðin við máhljóðið í söngstund alla vikuna. Hafa orð og stafi sýnileg fyrir foreldra við t.d. fataklefan | Allir á deild en deildarstjóri ber ábyrgð á að gera verkefni og námsefni tengt Lubba, eða færir það í hendur annars starfsmanns sem færir þá jafnvel á Lubbanámsskeið | Sept. 2023 | Mái 2024 | Á deildarfundum hálfsmánaðarlega | Börnin læri Lubba vísurnar og orðin sem koma fyrir í textanum og við höfum ákveðið að nota í orðaspjall og hafa orðin sýnileg fyrir foreldra. |



Íslenska sem annað mál

Allir starfsmenn hafa verið virkir í að setja orð á hluti og athafnir og gefa sér tíma til spjalla við börnin með 10. mín. regluna bak við eyrað. Á deildarfundum höfum við sett okkur markmið og rætt hvaða börn þarf sérstaklega að einblína á hverju sinni. Við leggjum áherslu á að börnunum líði vel og upplifi sig örugg til að tjá sig. Mættum vera duglegri að skrá niður.

Við lesum á hverjum degi fyrir öll börn, höfum rýnt í barnahópin og reynt að skipta þeim eftir því hvar þau eru stödd hverju sinni. Börn sem hafa þurft að auka orðaforða



hafa fengið auka stundir í málörvun þegar því hefur verið við komið. Reglulega kemur starfsmaður á leikskólanum og tekur tvítyngdu börnin og þau börn sem eru nýkomin í íslenskt umhverfi í einkastundir utan deildar. Allt hefur þetta eflt börnin.

Tækifæri til úrbóta: Þrátt fyrir að við höfum verið meðvituð um að nota 10 mínútu regluna og ákveðið hvaða börn skal efla hverju sinni höfum við ekki verið nógu dugleg að skrá niður hvenær við tölum við eða lesum fyrir börnin eða framfarir. Eins var talsvert rætt um tákni með tali í kringum áramótin og byrjuðum við aðeins að nota það í upphafi árs 2023 en svo datt það svolítið upp fyrir. Þetta eru verkefni næsta skólaárs. Betri skráning og að skipuleggja tákni með tali og setja það meira inn í daglegt starf.

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-----------------------------|---|--|---|---------------|-------------|--|--|
| Íslenska sem annað mál. | Að efla skráningar varðandi 10 mínútna reglu og innleiða tákni með tali með markvissum hætti | Setja skýrt fram á deildarfundum hverjir þurfi mest á þessu að halda. Gera skráningarblöð sem deildarstjóri fylgist með að allir noti. | Allir á deild en deildarstjóri sér til þess að þessu sé framfylgt og á deildarfundum verður einn valinn til að halda utan um tákni með tali. | Sept. 2023 | Maí 2024 | Á deildarfundum hálf- mánaðarlega | Að börn með íslensku sem annað mál fái sem allra mest út úr starfi deildar og leikskóla á faglegum grunni. |



4.8 Dvergaland

Í vetur hafa verið 26 börn á Dvergalandi fædd árið 2018, 15 stelpur og 11 strákar.

Útinám

Útináminu á elstu deild hefur verið öðruvísi háttað í vetur en á öðrum deildum leikskólans þar sem meira er um ferðir utan leikskólans, t.d. í leikhús, tónleika, á söfn o.fl, og er það hluti af útinámi elstu barnanna. Farið var í útinám reglulega yfir skólaárið en það kom nokkrum sinnum fyrir að það þurfti að fella niður útinámið vegna óviðráðanlegra aðstæðna (meðal annars vegna manneklu og veðurfars).

Markmiðið með útinámi er að veita börnunum tækifæri til þess að njóta sín í útveru og kynnast nærumhverfi leikskólans og ýmsu öðru sem Reykjavík hefur upp á að bjóða. Í útinámi er lögð áhersla á að öll innlögn sé skemmtileg, fari fram í gegnum leik og að börnin fái tækifæri til þess að njóta sín alfarið í sjálfsprottum leik. Reglulega voru gerðar skráningar með myndum úr útináminu og gerðu börnin ýmis verkefni og úrvinnslur eftir ferðirnar.

Farið var í ferðir í Laugardalinn, á nokkra leikvelli, heimsóknir í garðinn á Holtaborg, í göngutúra um hverfið og í grenndargáma ásamt því að ýmis svæði í nágrenni leikskólans voru nýtt. Reglulega yfir skólaárið var elstu börnum leikskólans boðið á ýmsar sýningar og upplifanir og fórum við meðal annars að hlusta á Dýrasinfóníuna hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpunni eftir bandaríska rithöfundinn Dan Brown. Hópurinn fór á sýninguna „Ég get“ í Þjóðleikhúsinu sem er leikræn sýningu um það sem er mitt, þitt og okkar ásamt því að fara í spennandi upplifunarferð um sýninguna *Vatnið í náttúru Íslands* á Náttúruminjasafn Íslands í Perlunni. Þar fengu börnin tækifæri á að kynnas tmismunandi birtingarmyndum vatns, meðal annars með því að hlusta, snerta, sulla og skoða lífverur sem búa í vatninu. Á vorin höfum við sett niður kartölfur sem eru svo teknar upp á haustin og í desember hefur verið hefð fyrir því að fara í Kaffi Flóru þar sem við höfum átt jólalega stund saman. Einnig var farið í útskrifarferð í Lækjarbotana þar sem meðal annars var farið í fjallgöngu, fjarsjóðsleit, sullað í læk og grillaðar pylsur.

Gott samstarf er við grunnskólanna í hverfinu og fengum við meðal annars nemendur úr 9.bekk í Vogaskóla í heimsókn til okkar sem lásu bækur fyrir börnin á deildinni og krakkarnir í 1.bekk í Langholtsskóla sem voru í Langholti í fyrra komu í heimsókn. Við fórum í söngstund í Vogaskóla þar sem við sungum nokkur skemmtileg lög með hópnum, í söngstund í



Langholtsskóla á degi íslenskrar tungu og á Lúsúhátíð í Vogaskóla. Fljótlega eftir áramót var börnunum boðið að koma í heimsókn inn í kennslustund í þeim grunnskóla sem þau eru fara í á næsta skólaári.

Tækifæri til úrbóta:

Tekin var ákvörðun um það í upphafi skólaársins að aðrar ferðir elstu barnanna yrði hluti að útináminu til þess að auka rými fyrir sjálsprottinn leik í daglegu skipulagi. Þrátt fyrir að það hafi vantað upp markvissar útinámsferðir í nærumhverfi leikskólans eru elstu börnin búin að gera og upplifa ótrúlega margt í vetur. Börnin hafa fengið að hafa áhrif á útinámið og útiveru með lýðræðislegum kosningum og þannig fengið tækifæri til þess að láta í ljós eigin skoðanir og hugmyndir. Að lokum er mikilvægt að skipuleggja útinámið fyrirfram og nýta áhuga og reynslu starfsmanna við skipulagningu.

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---------------------------|-----------------------------|----------------------------------|-------|-------|--|--|
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir | | | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |

Læsi

Markmiðið með læsi er að efla alhliða málþroska barna, meðal annars málskilning, tjáningu, frásagnarhæfni, orðaforða og hljóðkerfisvitund, að börnin verði læs á umhverfið, jákvæð samskipti ásamt því að nýta Lubba í daglegu starfi.

Morgunfundir: Upphaflega var ákveðið að hafa morgunfund á hverjum degi eftir morgunmat þar sem öll börnin á deildinni ásamt starfsmönnum setjast niður. Farið er yfir daginn út frá



sjónrænu skipulagi, hvernig veður er úti, hvaða fatnaður hentar til útiveru miðað við aðstæður og börnin fá ávexti. Það kom fyrir að þessum stundum var sleppt þegar sjálfsprottinn leikur barnanna var flottur og hópurinn í góðu flæði.

Samverustundir: Á hverjum degi er samverustund fyrir hádegismat þar sem meðal annars er lögð er áhersla á að vinna með hljóðkerfisvitundina, syngja lög, lesa, segja sögur o.fl. Oft er farið í leiki sem reyna á athygli barnanna, YOGA og slökunaræfingar, fyrirmælaæfingar, spurningaleikir með bolta, unnið með afstöðuhugtökin, bókstafina, tölustafina, tölugildin o.m.fl.

Lesstundir: Á hverjum degi er lesið fyrir öll börn í litlum hópnum og er það algjör undantekning ef svo er ekki. Einnig er lesið fyrir börnin yfir daginn, þá sérstaklega á morgnanna og í lok dags.

Lubbi

Unnið var markvisst með Lubbi finnur málbein á deildinni og fékk Lubbi bangsi að vera með í leik barnanna þegar um það var beðið. Markmiðið með Lubbastundunum er meðal annars að börnin læri að tengja saman hljóðin, læri táknrænar hreyfingar fyrir hvert hljóð ásamt því að farið er yfir ýmis orð og/eða myndir sem tengjast máhljóðunum. Einnig er lagt mikið upp úr því að vinna með hljóðkerfisvitundina, til dæmis með því að ríma, klappa atkvæði og finna fyrsta staf í orðum. Í upphafi skólaárs var ætlunin að vera með skipulagða Lubbastund á hverjum morgni þar sem hvert máhljóð væri tekið fyrir í eina viku. Það gekk vel fram að áramótum en eftir áramót gekk það því miður ekki alltaf upp og var því stundum farið aðrar leiðir til þess að leggja inn máhljóð vikunnar, t.d. í öðrum samverustundum dagsins.

Málbeinin hans Lubba voru nýtt í kaffitímanum og voru máhljóðin og tákni allra barnanna á deildinni sýnileg. Öll sæti barnanna, bæði í samverustundum og í matartímanum, voru merkt með lubbabeinum. Að lokum héldum við upp á afmælið hans Lubba á degi íslenskrar tungu, þann 16.nóvember.

Tákn með tali: Myndir af ýmsum táknum voru sýnleg á myndrænan hátt inni á deildinni og tekin var ákvörðun um að leggja inn tákni fyrir hádegismatinn á hverjum degi. Starfsmaður á deildinni tók það að sér að kenna börnunum tákni og voru mörg börn nokkuð fljót að ná táknum.



Læsishvetjandi umhverfi: Á Dvergalandi var mikil áhersla lögð á að hafa umhverfið læsishvetjandi. Á deildinni hanga meðal annars uppi bókstafir, formin, myndir tengdar TMT, ýmsar myndir af dýrum ásamt ýmsum orðum sem tengjast daglegu starfi og lífi.

Framsögn: Eftir áramót byrjuðum við með framsögn sem felst í því að hvert barn kemur einu sinni með hlut að heiman og segir frá honum. Hluturinn getur verið tengdur einhverri minningu, verið í uppáhaldi hjá barninu, átt sögu eða haft sérstaka þýðingu fyrir barnið og fjölskylduna. Við val á hlut er gott að hafa í huga hvernig hægt sé að segja frá honum en í samverustund kynnir barnið hlutinn fyrir félögum sínum og segir frá hvaða þýðingu hluturinn hefur. Markmiðið er að börnin æfa sig í að standa frammi fyrir hóp og segja frá á skipulagðan hátt. Þau þjálfva virka hlustun og fá tækifæri til að deila með vinum sínum einhverju sem tengist lífi þeirra sem við í leikskólanum þekkjum ekki. Framsögnin gekk mjög vel hjá barnahópnum og flest þeirra höfðu mjög gaman af því að koma með hlut að heiman og segja frá honum í samverustund.

Tækifæri til úrbóta: Heilt yfir gekk vel að vinna að þeim markmiðum sem sett voru í tengslum við læsi. Markmiðið fyrir næsta skólaár er að leggja meiri áherslu á flæðislestur fyrir einstaklinga ásamt því að leggja inn þulur/vísur á markvissari hátt. Mikilvægt er að vinna með ferðir Lubba um Íslands kortið ásamt því að leggja meiri áherslu á að vinna með gróðurinn og dýrin sem tilheyra hverju máhljóði. Gaman væri að vinna með ákveðna þætti í tengslum við Lubba í gegnum þemavinnu þar sem áhugi barnanna væri hafður að leiðarljósi hverju sinni. Einnig þarf að vinna á markvissari hátt með tákni með tali og nota meira í daglegu starfi með börnunum. Það væri gott að huga að því að taka aftur upp hringekju eða aðrar skipulagðar stundir þar sem hægt er að vinna með fyrirfram ákveðna þætti. Að lokum þarf að passa upp á að framsögn barnanna fari fram fyrir áramót svo að barnamenningarhátíðin geti fengið sitt pláss eftir áramót án þess að hafa áhrif á að annað starf, eins og Lubba stundir og aðrar samverustundir, detti niður.

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|-----------------------------|---------------------------|------------------------|--------|-------|-------|----------------------------|-------------------------|
| | | | | | | | |



| | | | | | | | |
|---|----------------------|-----------------------------|----------------------------------|--|--|--|--|
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir | | | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
|---|----------------------|-----------------------------|----------------------------------|--|--|--|--|

Íslenska sem annað mál

Lesið var fyrir öll börn sem eru með fleiri en eitt tungumál í litlum hóp flesta daga. Valdar voru einfaldari bækur, þær lesnar og sagan rædd út frá myndunum. Eftir lesturinn var oft markviss málörvun þar sem meðal annars annar var unnið með orðaforða, skilning, tjáningu, setningamyndun, hljóðkerfisvitund, fleirtölu og fleiri. Eftir áramót kom starfsmaður inn á deildina þrisvar sinnum í viku og var með markvissa málörvun fyrir þau börn sem voru með fleiri en eitt tungumál.

Inni á deildi var lögð áhersla á að skapa málörvandi umhverfi í þeim tilgangi að auka orðaforða og skilning, lesa bækur við hæfi ásamt því að auka öryggi barnanna í samskiptum. Starfsmenn deildarinnar reyndu að vera meðvitaðir um að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi ásamt því að ásamt því að tala skýrt og endurtaka orð/setningar á réttan hátt. Börnin voru einnig hvött til þess að nota orðin sín í stað þess að benda á hlutina og að tala í lengri setningum.

Myndrænn skipulag: Lögð var áhersla á að fara yfir daginn út frá myndrænu skipulagi og einnig var stuðst við myndrænt skipulag og aðrar myndir í þeim tilgangi að undirbúa þau börn sem þurftu á því að halda, t.d. ef að það var uppbrot á skipulögðu starfi eða ef við vorum að fara í ferðir.

Smábókasöfn: Á hverri deild eru sérstakir bókakassar, smábókasöfn, sem eru ætlaðir til þess að tryggja að léttlesnar barnabækur séu aðgengilegar. Bækurnar eru sérstaklega fyrir þau börn sem eru með fleiri en eitt tungumál í þeim tilgangi að styðja við málþroska, auka við



orðaförða og efla málskilning. Þessar bækur voru notaðar í lesstundum og nýttar í annarri málörvun.

Úrbætur: Þrátt fyrir að starfsmenn hafi almennt verið meðvitaðir um mikilvægi málörvunar fyrir þennan hóp og lagt sig fram við að skapa málörvandi umhverfi er alltaf hægt að gera betur.

Það hefur ekki tekist nægilega vel að halda úti skráningar yfir þann tíma sem börn með íslensku með annað mál fá í málörvun og hvað sé verið að gera með þeim í málörvunarstundum. Það að halda utan um þessar stundir með þar til gerðum skráningarblöðum eykur líkurnar á að starfsmenn öðlist betri yfirsýn yfir það hvar börn sem eru tvítyngd eða með annað móðurmál en íslensku eru stödd í málþroska, staðsetja þau ásamt því að halda utan um framfarir. Að lokum er mikilvægt að allir starfsmenn séu bæði meðvitaðri og duglegri að nota myndrænt efni í samskiptum við börn af erlendum uppruna sem og önnur börn sem þurfa á því að halda.

| UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---------------------------|-----------------------------------|---|-------|-------|--|---|
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir | | | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

| | |
|--|---|
| <p>Skipulagning sérkennslu</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð;</p> <p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólasterfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p> | <p>Tveir sérkennslustjórar voru í Langholti í vetur. Annar var með aðsetur í yngri barna húsinu og hinn í því eldra. Þeir skiptu með sér barnahópnum að nokkru leiti eftir aldri. Stofnað var sérkennsluteymi sem skipti á milli sín þjálfun barnanna. Átta börn voru í 1. flokki og nokkur í snemmtækri íhlutun.</p> <p>Einstaklingsnámskrá var gerð fyrir öll þau börn sem þess þurftu. Sérkennslustjórar sinntu sérkennslu einstakra barna en þó aðallega ef það vantaði starfsmenn til að vera með umsjón.</p> <p>Sérkennslustjórar sáu líka um málörvunarvinnustundir með börnum sem voru t.d. með grun um málþroskaröskun og börn sem voru ekki komin með vald á íslensku. Einnig voru þeir reglulega inni á deildum og tóku þátt í starfi með starfsfólki og börnum. Lögð var áhersla á að allt starfsfólk leikskólans tæki þátt í vinnu með þeim börnum sem þurftu á sérkennslu að halda og hjálpuðu þeim að vera fullgildir meðlimir í öllu starfi skólans.</p> <p>Unnið var mikið með börn inni á deildum en sum börn áttu erfitt með að læra í barnahópnum og fóru því í einstaklingsstundir.</p> <p>Skráningar vinnustunda voru mismunandi en samantektir voru gerðar reglulega. Sumir skráðu á eyðublöð en aðrir í stílabækur.</p> |
| <p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p> | <p>Matsgögn sem notuð voru í vetur voru TRAS, AEPS I og II, EFI-2, Orðaskil og Hljóm-2. Einnig fengu foreldrar heim Smábarnalistann og Íslenska Proskalistann.</p> |
| <p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p> | <p>Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum með hljóðin, Málhljóðakassinn, ýmis borðspil, búin voru til verkefni úr hugmyndafrænni Skipulögð kennsla, sem heitir The processing program 2nd edition frá Super duper. Yoli var keypt í byrjun vetrar.</p> |



Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|----------------------------------|--|--|---------------------------------------|-------|-------|---|--|
| Sérkennsluteymi | Myndun sérkennsluteymis | Hittast reglulega og veita stuðning og fræðslu. | Sérkennslustjórar og leikskólastjóri. | | | Tekin staðan um áramót og metinn fundarfjöldi og tímalengd. | Ef fundir ná að rúlla vel. |
| Efi-2 Málproskaskimun | Hægt að grípa börn snemma sem sýna frávík í málproska. | Efi- 2 lagt fyrir öll börn á aldrinum 3,1 – 3,10 | Sérkennslustjóri | Ágúst | Júlí | Að hægt sé að taka öll börn í prófið. | Að deildarstjórar og sérkennslustjóri grípi þau börn sem koma illa út og veiti þeim auka málörvun. |



5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

| | |
|---|---|
| <p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p> | <p>Ráðinn var tímabundinn verkefnastjóri fjölmenningar sem sá um auka málörvunarstundir með sérstaka áherslu á orðaforða og skilning fyrir þennan hóp.</p> |
| <p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p> | <p>Útbúnir voru bókakassar sem voru flokkaðir eftir aldri. Markmiðið með þeim var að kennarar lesi fyrir einstaklinga og litla hópa. Í þessum kössum eru bækur sem eru í bland fyrir börn með góðan orðaforða og skilning og fyrir börn með slakan orðaforða og skilning. Lögð hefur verið áhersla á að vinna með myndrænt dagskipulag inni á öllum deildum og er því haldið að börnunum í gegnum dagana.</p> |
| <p>Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?</p> | <p>Verkefnastjóri fjölmenningar fékk til sín litla hópa barna og vann með orðaforða. Einnig unnu sérkennslustjórar með þessum börnum inni á deild. Þeir hittu litla hópa og lásu og voru með málörvun. Bókakassarnir voru einnig nýttir með það að markmiði að nota einfaldari bækur úr kössunum til lesningar fyrir þau börn sem þurfti að efla meira.</p> |
| <p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i>, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p> | <p>Fyllt var út í TRAS fyrir öll börn í leikskólanum og þannig fylgst með framförum. Ekki voru gerðar einstaklingsnámskrár fyrir öll erlend börn. Fyrir þau börn sem voru slökust og komu illa út á málþroskaprófum voru gerðar einstaklingsnámskrár sem deildir unnu eftir með aðstoð sérkennslustjóra. EFI-2 var lagt fyrir öll börn á aldrinum 3,1-3,10 óháð tungumálabakgrunns.</p> |
| <p>Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i>, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og</p> | <p>Í Langholti er mikið lagt upp úr lestri, bæði einstaklingslega og fyrir hópa. Tekið er tillit til stöðu barna í skilningi og skipt í hópa eftir því. Börn fá aðstoð til að skilja með því að kennara</p> |



| | |
|---|--|
| hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. | nota myndir og myndrænt skipulag til að styðjast við málið. Í leikskólanum er verið að innleiða TMT og er það nýtt með öllum börnum, einnig er notað PECS við einstaka aðstæður með börnum sem eiga erfitt með tjáningu, hvort sem að er út af fötlun eða öðru. Unnið er með hljóðkerfisvitundina á öllum deildum, misjafnt eftir aldri þó. Ritmál er sýnilegt á flestum deildum og eru börn á elstu deildunum hvött til að æfa skrift eftir fyrirmynd eða sporun. |
|---|--|

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

| UMBÓTAPÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Loki | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|--|--|---|-----------------------------------|-----------------|-----------|--|---|
| Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. | Fylgjast betur með málþroska barna sem eru með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. | Fylla út skráningablaðið fyrir öll börn sem falla undir þennan flokk. | Deildarstjórar og verkefnastjóri. | Septemb er 2024 | Júlí 2025 | Að tekið hafi verið stöðumat á öllum þessum börnum og því fylgt eftir með viðeigandi aðgerðum. | Að sjá framfarir barnanna sem falla undir hæfniramma n. |
| Lestrarhópar | Lesið fyrir öll börn í litlum hópum sem eru með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. | Halda utan um lestrarhópana og passa að öll þessi börn fái auka málörvun. | Deildarstjórar og verkefnastjóri. | Septemb er 2024 | Júlí 2025 | Skoðað verður skráningar á lestrarhópum og hvort öll börn hafi fengið auka lestur. | Að sjá framfarir barnanna sem falla undir hæfniramma n. |



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í apríl og maí, aðstoðarleikskólastjóri sá um samtölin. Lagt var upp með að hafa þau sem létt spjall milli starfsmanns og aðstoðarleikskólastjóra. Aðal áherslan var lögð á líðan í starfi og framtíðarsýn innan leikskólans. Unnið var úr þeim þegar hugað var að röðun á deildar fyrir næsta skólaár. Leikskólastjóri tók samtölin við stjórnendateymi.

Margrét Sigurðardóttir uppeldis – og menntunarfræðingur kom til okkar á starfsdag í september og var með námskeið um hvatningu og starfsánægju. Umræðu um hvað hver og einn getur gert til að vinna með sína starfsánægju og fjallaði um samskipti og leiðtogafærni. Hvað hver og einn getur gert til að vinna með sína starfsánægju og farið í samskipti og leiðtogafærni.

Torgið

Á skólaárinu reyndum við að kynna torgið fyrir starfsfólki og hvöttum þau til að fara á þau námskeið sem eru í boði þar inni. Sú hvatning tók tíma og virðist sem fólk sé almennt rakt við að fara þangað inn. Virðist mikla það fyrir sér. Við munum halda áfram með þá vinnu á næsta ári.

Stjórnendabjálfun

Deildarstjórar sóttu stjórnendabjálfun sem var í boði hjá mannauðsteymi Reykjavíkurborgar.

Þetta voru nokkur skipti sem hver og einn fór og hittu þar aðra deildarstjóra úr öðrum leikskólum.

Mikil ánægja var með þessa bjálfun og frábært að þessu verður haldið áfram á næsta skólaári.

Miðja máls og læsis

Saga Stephensen verkefnastjóri hjá Miðju máls og læsis kom til okkar með fræðslu á starfsdegi og fjallaði um vinnu með börnum með fjölbreyttan menningar og tungumálabakgrunn.

Forystunám

Aðstoðarleikskólastjóri lauk forystunámi sem var í boði fyrir alla stjórnendur hjá Reykjavíkurborg.

Forystunámið er skyldunám stjórnenda með það að markmiði að fagefla þekkingu þeirra og hæfnisem sækja fræðsluna. Fræðslan byggist á þeim grunnþáttum stjórnunar og stjórnsýslu þar sem farið er í verklagsreglur borgarinnar sem styðja að samskiptum og tengslum milli starfseininga. Þá er



einnig verði að stuðla að sameiginlegum grunni fyrir stefnumiðum, faglegum og samhæfðum vinnubrögðum.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Börnin sem eru í Leikskólanum Langholti skiptast á milli tveggja skóla Langholtsskóla og Vogaskóla. Staðsetning heimila í hverfinu stýrir því hvor skólinn er valinn.

Markmið: Að börnin finni fyrir öryggi gagnvart grunnskólanum og frístund þegar þau flytjast milli skólastiga. Að þau kynnist nýju umhverfi og þeim börnum frá leikskólum hverfisins sem þau koma til með að vera með í grunnskóla. Að styrkja samstarf milli kennara leik- og grunnskóla hverfisins og auka innsýn í starfsvettvang hvers annars.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrafélag leikskólans er virkt og tekur þátt í hinum ýmsum viðburðum. Sumarhátíð leikskólans í júní var í boði foreldrafélagsins þar sem boðið var upp á leikþátt og ís fyrir börnin. Yfir árið er foreldrafélagið búið bjóða upp á fræðslu fyrir foreldra í sal leikskólans sem var vel sótt.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar fyrir veturinn 2024- 2025

| Fyrir áramót | Eftir áramót |
|--|--|
| 6.september | 6.febrúar |
| 18.október | 24.mars Sameiginlegur með grunnskólum |
| 29.nóvember Sameiginlegur með grunnskólum | 16.maí Sameiginlegur með grunnskólum |

Einnig verða tveir starfsmannafundir haldnir yfir árið einn um haustið og einn og vorið, nánari dagsetningar verða auglýstar síðar.

10 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).



F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





Umsögn foreldraráðs

Líkt og fyrri ár lýsir foreldraráð yfir ánægju með metnaðarfulla starfsáætlun fyrir komandi skólaár. Greinilegt er að mikill metnaður ríkir í starfi leikskólans þar sem tækifæri til umbóta eru gripin og mikill vilji til að gera gott starf enn betra. Rík áhersla er lögð á málörvun í ýmissi mynd, t.a.m. með tíðum bókalestri, að setja orð á hluti í daglegum athöfnum og málhljóðum Lubba. Þá er frábært að sjá mikinn áhuga deildanna á að efla flæðislestur og skráningar því tengdu. Á eldri deildum hefur verið lögð áhersla á að gera umhverfið læsishvetjandi sem er til fyrirmyndar.

Gleðilegt er að sjá hvernig áherslur á frjálsa leikinn hefur leitt til framfara í samskiptum og samleik barna. Unnið hefur verið að því að efla hlustun, jákvæð samskipti og færni barnanna í að lesa umhverfi. Þá fagnar foreldraráð markmiðum er snúa að tengingu útináms við aðra þætti starfsins líkt og lestur og læsi.

Ánægjulegt er hversu virkt stjórnendateymið hefur verið í að sækja sér endurmenntun og stuðning í formi námskeiða á vegum Reykjavíkurborgar. Slík fagleg sjálfsefning hefur eflaust í för með sér almenna fagefningu og ánægju innan starfsmannahópsins sem svo leiðir til framþróunar í starfi með börnunum. Margar áskoranir einkenndu skólaárið sem leið, t.d. framkvæmdir á húsnæði með tilheyrandi raski. Foreldraráð er fullt þakklætis í garð starfsfólks fyrir þolinmæði og þrautseigju. Aðdáunarvert er hversu vel tókst að takmarka áhrif á daglegt starf barnanna.

Athugasemdir foreldraráðs snúa aðallega að því að auka megi upplýsingaflæði frá leikskóla til foreldra enn meir, t.a.m. um daglegt starf og þær áherslur sem unnið er með hverju sinni. Þannig má auka samvinnu heimilis og leikskóla í að undirbúa börnin fyrir framtíðina.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Inga Dóra Hlíðdal Magnúsdóttir

Katrín Þóra Jónsdóttir

Kristín Guðrún Reynisdóttir